

HVATI

TÍMARIT ÍPRÓTTASAMBANDS FATLAÐRA



Stofnað 17. maí 1979

SPECIAL OLYMPICS
LOS ANGELES 2015

HEIMSÓKN TIL
RÚMENÍU




STÆRSTI
SIGURINN
ER AÐ
VERA
MEÐ

HENSON



Rúmfatalagerinn er með frábær garðhúsgögn í mörgum gerðum og í margskonar litum. Þú finnur alveg örugglega stílinn og gæðin sem henta þér því hjá okkur má finna allt frá úrvals harðviðar- og tekkhúsgögnum til góðra plasthúsgagna. Við erum stolt af því að öll harðviðarhúsgögn okkar eru gerð úr FSC-vottuðum viði. Það er trygging þín fyrir því að þú styðjir sjálfbæra skógrækt. FSC-vottun merkir að skógurinn sem tréð er úr er skoðaður af óháðum aðilum og metinn samkvæmt þeim umhverfislegu, félagslegu og hagrænu reglum og viðmiðum sem Forest Stewardship Council setur ábyrgri skógrækt. FSC eru alþjóðleg samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og þar vinna umhverfissamtök, framfarasinnaðir eigendur skóga og fyrirtæki saman að því að bæta eftirlit með skógum heimsins. JYSK er einn af stofnendum TFT, Tropical Forest Trust, sem vinnur að stuðningi við FSC um heim allan.



HVATI/ EFNISYFIRLIT JÚLÍ 2015

- 5 ÁVARP FORMANNS — SVEINN ÁKI LÚÐVÍKSSON
- 6 NÝÁRSSUNDMÓT BARNA OG UNGLINGA
- 7 SJÓMANNABÍKARINN — HANDHAFAR FRÁ UPPHAFI
- 8 „LÆRÐI HEILMIKIÐ AF ÞEIM BESTU“ — JÓHANN ÞÓR HÓLMGRÍMSSON
- 11 HÁPUNKTAR ÚR SÖGU ÍF
- 16 ÍSLANDSMÓT ÍF Í SUNDI, BOCCIA, BORÐTENNIS, FRJÁLSUM OG LYFTINGUM
- 19 SKÍÐANÁMSKEIÐ ÍF OG NSCD — NÝ SAMSTARFSVERKEFNI
- 19 FREMSTIR Í SINNI RÖÐ — HELGI SVEINS OG JÓN MARGEIR
- 21 JOSH BLUE - UPPISTAND Í HÁSKÓLABÍÓI
- 23 SAMBANDSPING ÍF 2015
- 25 SUNDKONAN, SIGRÚN HULD
- 27 LISTHLAUP Á SKAUTUM
- 27 MINNINGARSJÓÐUR HARÐAR BARÐDAL
- 28 SPECIAL OLYMPICS - LA 2015
- 31 ÞÁTTTAKENDUR Í LA 2015
- 35 SPURNINGAHORNIÐ - FJÓRIR ÞÁTTTAKENDUR Á LA 2015
- 36 MET-LIFE - SAMSTARFSVERKEFNI
- 40 LAW ENFORCEMENT RUN - LA 2015
- 42 ÍSLANDSLEIKAR SO Í KNATTSPYRNU
- 44 HEIMSÓKN TIL RÚMENÍU — SO YOUNG ATHLETE PROGRAM
- 46 BAKHJARLAR ÍF — STYRKIR OG SAMNINGAR
- 49 ÓSTÖÐVANDI - PÁLMI GUÐLAUGSSON
- 49 NORRÆNA BARNA- OG UNGLINGAMÓTIÐ
- 50 ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA - FRÉTTASKÝRING
- 55 ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA BORGAR SIG



Útgefandi: Íþróttasamband fatlaðra Íþróttamiðstöðinni Laugardal, 104 Reykjavík Sími: 514 4080 · Fax: 514 4081 Netfang: if@isisport.is
Myndasíða ÍF: www.123.is/if
Ritstjóri: Sveinn Áki Lúðvíksson
Pennar: Anna Karólína Vilhjálmisdóttir, Jón Björn Ólafsson, Ólafur Magnússon og fleiri.
Forsíðumynd: Anna Karólína Vilhjálmisdóttir
Myndir: Jón Björn Ólafsson, Anna Karólína Vilhjálmisdóttir og fleiri
Umbrot: Halldór Högurður, mafia.is
Prentun: Formprent

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) var stofnað 17. maí 1979. ÍF er eitt af sér-samböndunum innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), en hlutverk ÍF er að vinna að eflingu íþróttastarfsemi fatlaðra og að koma fram erlendis í því sambandi.

VIÐ STYÐJUM ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA

A. Margeirsson • Aðalmálun • Aðalvík • Alþýðusamband Íslands • ArcticLAS • Arev verðbréfafyrirtæki • Atorka ehf verktakar og vélaleiga Auðmerkt • Augað gleraugnaverslun • Augljós laser augnlækningar • Auglýsingastofan ENNEMM • Austur-Índíafélagið • Álnabær, verslun • Áltak ÁM-ferðir • Árþæjarapótek • Árni Reynisson • Ásbjörn Ólafsson • Balletskóli Sigríðar Ármann • Barnalæknaþjónustan • Batik, silkiprent og ísaumur Básfell • BBA/Legal • Bifreiðaverkstæði Svans • Birgisson • Bilasmiðurinn • Blaðamannafélag Íslands • Blikksmiðjan Glófaxi • Boreal, ferðaþjónusta Borgarhjól • Bókavirkid • Bókhaldsþjónustan Vík • Brauðhúsið • Breiðan • Brúskur hársnyrtistofa • BSRB • Byggingarfélag Gylfa og Gunnars Cafe Roma • City Car Rental • Danica sjávarafurðir • Eðalbílar • Efling stéttarfélag • Efnamóttakan • Eggert Kristjánsson • Eignamiðlunin Eignaumsjá Eignaumsjón • Elmir-teppaþjónusta • Endurskoðendapjónustan • Endurskoðun og reikningsskil • Engo verkefni • Ernst & Young Esju-Einingar • Fasteignasalan Húsið • Fastus • Ferill, verkfræðistofa • Félag skipstjórnarmanna • Fínka, málningarverktakar Fjallamenn-Mountaineers of Iceland • Fjárfestingamiðlun Íslands • Fjármálaeftirlitið • Fjölbrautaskólinn við Ármúla • Forma, Landslagsarkitektar Fótógrafi • Framvegis-miðstöð simenntunar • Frystikerfi • G S Export • Gallerí Garður, garðyrkjuþjónusta • Garðmenn • Garðs Apótek Gáski sjúkraþjálfun • Geiri, umboðs- og heildverslun • Ginger • Gjögur • GLÁMA-KIM arkitektar • Gluggasmiðjan • GP-arkitektar • Gray Line Iceland Guðmundur Jónasson • Gullkistan-thjodbuningasillfur.is • Gullsmiður Eyjólfur Kúld • Halldór Jónsson • Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn Hársnyrtistofa Dóra • Hárstofan Yfir höfuð • Heilsubrunnurinn, nuddstofa • Helgason og Co • Henson sports • HGK • Hitastýring Hjá Jóa Fel, brauð og kökulist • Hnefaleikastöðin • Hollt og gott • Hótel Frón • Hótel Leifur Eiríksson • Hreinsitækni • Hreyfimyndasmiðjan • Hreysti Húsasmiðurinn • Höfðakaffi • Höfði fasteignasala • IBH • Ice-optik • Icepack • Iðnmennt • Innnes • Intellecta • iStore í Krínglunni • Íbúðagisting.is Ísbíllinn, þú þekkir mig á bjöllunni • Ísbúðin Erluis • Ísfrost • Íslensk endurskoðun • Íslenskir fjallaleiðsögumenn • Ísólfr Pálmarrson-hljóðfæraumboð Ís-spor • Íþróttabandalag Reykjavíkur • J. S. Gunnarsson • JE Skjanni, byggingaverktakar • JP Lögmenn • K. H. G. Þjónustan • K-R-S-T Lögmenn Kaffi Paris • Kaffifélagið • Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma • KOM almannatengsl • Kristján G. Gíslason • Krydd og Kaviar • Kvikk Þjónustan Kælitækni • Lagnalagerinn • Lambakjot.is • Landar • Landslag • Landsnet • Landssamtök lífeyrissjóða • Lásapjónustan Le Bistro - franskur bistro & vínbar • Lifandi vísindi • Lighthouse Apartments • Ljósblík rafverktakar • Loftstokkahreinsun.is Læknasetrið • Lögfræðistofa Reykjavíkur • Lögmannafélag Íslands • Lögmannsstofa Jóns G. Briem hrl. • Lögmannsstofan Réttisýn Lögmenn Höfðabakka • Löndun • Magnús og Steingrímur • Margt smátt • Matborðið • Matthías • Málmækni • Mecca Spa • Mennta- og menningarmálaráðuneytið Menntaskólinn við Hamrahlíð • Merkismenn • Mitra - Sailun hjólbardar • Motus á Íslandi • Móðurást • MP banki • Nostra ræstingar • Nýi ökuskólinn Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins • Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir • Orka • Orkuvirki • Ormsson • Ó. Johnson & Kaaber • Ólafur Þorsteinsson Ósal • P&S Vatnsvirkjar • Passion Reykjavík • Pálmarr • Pétur Stefánsson • PG Þjónustan • Pixel • Poulsen • Pósturinn • Prentsmiðjan Leturprent Rafeindastofan • Rafey • Rafha • Rafkaup • Rafloft • Rafstilling • Rafsvið • Rafver • Regla.is bókhaldskerfi • Reykjafell • Reykjavíkurborg Reykjavíkurprófastsdæmi eystra • Réttingaverkstæði Bjarna og Gunnars • Réttur - ráðgjöf & málfutningur • Réttverk • Ríma Apótek Runni blómaverslun • Rútabílar • S. Ól. trésmíði • Saga forlag • Salli • Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF Saumastofa Íslands • Segna • Semoco, bílaverkstæði Suzukipjónustan • Sérefni, málningarvöruverslun • SFR stéttarfélag í almannapjónustu Shalimar, veitingahús • Sigurraf • Símus • Sjávargrillið • Skjólverk • Skóvinnustofa Halldórs Guðbjörnssonar • Slippfélagið Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins • SM kvótabing • Smith og Norland • Smíðapjónustan • Spennt • Staukur -leiktæki og sjálfsalar • Stjá, sjúkraþjálfun Stjórnuegg • Stoð pallaleiga • Stólpi gámar, gámaleiga- og sala • Stúdió Stafr • Suzuki bílar • Svanur Ingimundarson málari SVP-Samtök verslunar og þjónustu • Syningakerfi Sævörur • Söluturninn Vikivaki • Tandur • Tannálfur, tannlæknastofa • Tannlæknar Mjódd Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen • Tannlæknastofa Elínar Wang • Tannlæknastofa Friðgerðar Samueldsdóttur • Tannlæknastofa Gísla Vilhjálmssonar Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar • Tannsmiðjan Króna • TCM Innheimta • TEG endurskoðun • Teiknistofan Arkitektar • Teiknistofan Óðinstorgi The Capital Inn • Tónastöðin • Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar • Trévirki • Tösku- og hanskabúðin • Umhverfisstofnun • Umslag Útfararstofa Svafars og Hermanns • Útkall • Varahlutaverslunin Kistufell • Varma & Vélaverk • Veggisport • Veidipjónustan Strengir Veitingahúsið Fiskfélagið • Veitingahúsið Lauga-Ás • Verðbréfaskráning Íslands • Verkfærasalan • Verksýn • Verslunartækni • Verslunin Brynja Vélsmiðjan Harka • Vélvík • Við og Við • Vilhjálmsson, heildverslun • Vinun, ráðgjafar- og þjónustumiðstöð Víkurós ehf, bílamálun og réttingar • VMB verkfræðipjónusta • VSO Ráðgjöf • Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið • Wise lausnir www.varma.is • Yrki arkitektar • Þ.B. verktakar • Þakpappaþjónustan • Þyrlupjónustan • Ögurvík • Ökumennt • Örninn

ÁVARP FORMANNS

FORMAÐUR ÍF: Sveinn Áki Lúðvíksson

NÚ ER ÖLDIN ÖNNUR

Á upphafsárum ÍF eða fyrir tæpum 30 árum, snerist starfið um að stofna félög og fá aðstöðu til íþróttaiðkunar hér innanlands.

Þá var ærinn starfi að fá íþróttir fatlaðra samþykktar sem íþróttir og vantrú og jafnvel vanþóknun algeng hindrun sem erfitt var að yfirstíga. Þá var ekki til sérstakt íþróttahús fatlaðra og æfingar voru jafnvel á göngum skóla eða félagsheimila og mörgum fannst þetta fatlaða fólk vera að flækjast fyrir.

En nú er öldin önnur og almenn viðurkenning þjóðfélagsins á íþróttum fatlaðra mikil, enda hafa fatlaðir íþróttamenn sýnt getu sína og hæfni svo um munar. Þótt það hafi ekki beinlínis verið markmið þeirra sem fetuðu sín fyrstu spor á íþróttabrautinni að verða heims- og/eða Ólympíumeistarar, þá hefur það eflaust verið ofarlega í draumum þeirra og þrá, enda sýndi það sig fljótlega að þetta markmið var ekki óraunhæft, þótt fjarlægt væri.

Árangur fatlaðra Íslenskra íþróttamanna hefur vakið heimsathygli og verið einstakur, og þá á ég ekki við þá frægu setningu „miðað við fólksfjölda“ heldur almennt. En er hægt að halda áfram á þessari braut? Eigum við möguleika á að vera áfram fremstir meðal jafningja? Svarið er já, því enn erum við að eignast bæði Evrópu- og heimsmeistara. Helgi Sveinsson varð Evrópumeistari í spjótkesti á síðasta heimsmeistaramóti og nú á vordögum bætti hann heimsmetið með glæsilegum árangri og Jón Margeir Sverris-son heldur áfram að setja met, en nýjasta afrek hans er heimsmet í 200 m skriðsundi sem hann setti á dögnum.

En hefur eitthvað annað áunnist með þátttöku fatlaðra einstaklinga í íþróttum? Við höfum oft haldið því fram að mikill sparnaður eigi sér stað í þjóðfélaginu þegar fatlaðir einstaklingar stunda íþróttir, bæði sparast lyf og sjúkrahúslega og enn fremur yrðu þessir einstaklingar betri þjóðfélagsþegar.

Í nýlegri könnun sem var framkvæmd í Svíþjóð þar sem rætt var við hóp fatlaðra einstaklinga sem stunduðu íþróttir og fatlaðra einstaklinga sem ekki stunduðu íþróttir og nánar er fjallað um hér í blaðinu undir yfirskiftinni „Íþróttir fatlaðra borga sig“, koma fram afar áhugaverðar upplýsingar sem sýna ótvírætt

fram á gildi íþróttar fatlaðra. Þar kemur fram að íþróttir, í hvaða formi sem er, hjálpa til við að byggja upp einstaklinginn og gera honum kleift að vera betri þjóðfélagsþegn og spara þjóðfélaginu mikinn kostnað.

Á hverju ári eru misjafnar áherslur hjá Íþróttasambandi fatlaðra og í ár mun bera hæst þátttaka í heimsleikum Special Olympics sem fram fara í Los Angeles í Bandaríkjunum en það er stærsti íþróttaviðburðurinn sem fer fram í heiminum á þessu ári.

Um 7000 keppendur víðs vegar að úr heiminum munu keppa sín á milli í fjölda íþróttagreina. Ísland sendir að venju stóran hóp eða um 40 keppendur og meðal fjölda aðdáenda sem fylgja þeim héðan er félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir, og veit ég að allir eiga eftir að njóta leikanna.

Heimsmeistaramót í frjálsum íþróttum og sundi fara fram í sumar og eru væntingar um að einhverjir fulltrúar Íslands, nái lágmörkum til að komast á Paralympics leikana, (Ólympíumót fatlaðra) í Ríó 2016.

Enn einn viðburður í ár er Norræna barna- og unglingamótið sem að þessu sinni verður haldið af frændum okkar í Færeyjum en þetta verður í síðasta sinn sem mótið verður haldið, að minnsta kosti með núverandi fyrirkomulagi, hugsanlegt er að nýtt mót komi í staðinn en þá með annars konar fyrirkomulagi. Margir af okkar fremstu íþróttamönnum hafa stigið sín fyrstu spor á Norræna barna- og unglingamótinu og er það miður ef þessi mót leggjast alveg af. Þessum mótum eru gerð skil annars staðar í blaðinu.

Að lokum vil ég senda öllu fötluðu íþróttafólki, fjölskyldum þeirra, aðildarfélögum sambandsins og þjálfurum, sem og velunnurum, óskir um gott gengi og gleðilegt sumar.

Sveinn Áki Lúðvíksson,
formaður ÍF

NÝÁRSSUNDMÓT BARNA OG UNGLINGA



DAVÍÐ FYRSTUR FJÖLNISMANNA TIL AÐ VINNA SJÓMANNABÍKARINN

Ár hvert hefst íþróttastarf fatlaðra með Nýárssundmóti barna og unglunga í Laugardalslaug og þetta árið var engin undantekning. Umgjörð mótsins var glæsileg sem fyrr en skólahljómsveit Kópavogs lék fyrir mótsgesti og skátar frá skátafélaginu Kópum stóðu heiðursvörð við mótið. Við þessar flottu aðstæður varð sundmaðurinn Davíð Þór Torfason fyrstur Fjölnismanna til þess að vinna Sjómannabíkarinn eftirsóttá en hann er veittur þeim sundmanni sem vinnur besta afrek mótsins.



Besta afrekið vann Davíð í 50 m skriðsundi er hann synti á tímanum 29,77 sek. og hlaut fyrir vikið 542 stig.

Illugi Gunnarsson mennta-, menningar- og íþróttamálaráðherra var heiðursgestur ÍF við mótið og afhenti hann Sjómannabíkarinn í mótslok.

Á myndinni er Davíð ásamt foreldrum

SJÓMANNABÍKARINN HANDHAFAR FRÁ UPPHAFI

1984
Sigrún Pétursdóttir, ÍFR
50 m baksund - alls 482 stig.

1985
Bára B. Erlingsdóttir, Ösp
50 m bringusund - alls 493 stig.

1986
Sigrún H. Hrafnisdóttir, Ösp
50 m baksund - alls 418 stig.

1987
Sigrún H. Hrafnisdóttir, Ösp
50 m skriðsund - alls 517 stig.

1988
Gunnar Þ. Gunnarsson, ÍFS
50 m baksund - alls 590 stig.

1989
Geir Sverrisson, UMFN
50 m bringusund - alls 550 stig.

1990
Ólafur Eiríksson, ÍFR
50 m bringusund - alls 570 stig.

1991
Birkir R. Gunnarsson, ÍFR
50 m bringusund - alls 509 stig.

1992
Birkir R. Gunnarsson, ÍFR
50 m bringusund - alls 581 stig.

1993
Birkir R. Gunnarsson, ÍFR
50 m bringusund - alls 647 stig.

1994
Birkir R. Gunnarsson, ÍFR
50 m bringusund - alls 777 stig.

1995
Hanna Kristín Jónsdóttir, ÍFH/Ægi
50 m baksund - alls 756 stig.

1996
Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, ÍFH/Ægi
50 m skriðsund - alls 637 stig.

1997
Haraldur Þór Haraldsson, ÍFR
50 m bringusund - alls 756 stig.

1998
Anna Rún Kristjánsdóttir, Óðni
50 m bringusund - alls 546 stig.

1999
Gunnar Örn Ólafsson, Ösp
50 m baksund - alls 618 stig.

2000
Gunnar Örn Ólafsson, Ösp
50 m baksund - alls 809 stig.

2001
Gunnar Örn Ólafsson, Ösp
50 m baksund - alls 771 stig.

2002
Jóna Dagbjört Pétursdóttir, ÍFR
50 m flugsund - alls 514 stig.

2003
Guðrún Sigurðardóttir, SH
50 m baksund - alls 629 stig.

2004
Guðrún Sigurðardóttir SH/ÍFR
50 m flugsund - alls 547 stig.

2005
Guðrún Sigurðardóttir SH/ÍFR
50 m skriðsund - alls 528 stig.

2006
Hulda H. Agnarsdóttir, Firði
50 m skriðsund - alls 575 stig.

2007
Karen B. Gísladóttir, Firði
50 m skriðsund - alls 727 stig.

2008
Karen B. Gísladóttir, Firði
50 m skriðsund - alls 732 stig.

2009
Jón Margeir Sverrisson, Ösp
50 m skriðsund - alls 676 stig.

2010
Vilhelm Hafþórsson, Óðni
50 m skriðsund - alls 657 stig.

2011
Kolbrún Alda Stefánsdóttir, Firði
50 m skriðsund - alls 594 stig.

2012
Kolbrún Alda Stefánsdóttir, Firði
50 m bringusund - alls 764 stig.

2013
Kolbrún Alda Stefánsdóttir, Firði
50 m skriðsund - alls 679 stig.

2014
Kolbrún Alda Stefánsdóttir, Firði
50 m bringusund - alls 701 stig.

2015
Davíð Þór Torfason, Fjölni
50 m skriðsund - alls 542 stig.



LÆRÐI HEILMIKIÐ AF ÞEIM BESTU

FYLGIST
MEÐ
JÓHANNI
FERILL OG FRÉTTIR
Á VEFSDUNNI
johannthor.com



JÓHANN ÞÓR FYRSTUR ÍSLENSKRA KARLA Á HM Í ALPAGREINUM

Heimsmeistaramót fatlaðra í alpagreinum fór fram í Panorama í Kanada í marsmánuði síðastliðnum, Jóhann Þór Hólmgrímsson frá Íþróttafélaginu Akri varð fyrstur íslenskra karla til að taka þátt á mótinu. Jóhann hefur síðastliðið ár æft undir handleiðslu Kurt Smitz sem var landsliðsþjálfari Íslands á Vetrar-Paralympics í Rússlandi.

„Mótið var sett með skrúðgöngu í smábænum Invermere sem er rétt við skíðasvæðið í Panorama þar sem keppnin fór fram. Að skrúðgöngu lokinni setti bæjarstjóri Invermere mótið og svo var slegið til grillveislu. Ég tók þátt í svigi og stórsvigi en mínir keppnis dagar voru 8. og 10. mars,” segir Jóhann í samtali við Hvata.

„Ég var í Panorama frá fyrsta degi og æfði fram að keppni. Æfði með öllum bestu skíðamönnum heims

sem var alveg frábært. Ég lærði heilmikið af því að fylgjast með og fá ráð frá þeim. Þann 8. mars fór stórsvigið fram. Það gekk ágætlega, ég hefði viljað vera ákveðnari í fyrri ferðinni en ég hristi stressið af mér fyrir seinni ferðina og kláraði hana vel. Ég endaði í 21. sæti. Seinni keppnisdagurinn minn var 10. mars en þá keppti ég í svigi, efri partur brekkunar var mjög brattur og snjórinn eins og svell, ég missti stjórn á skíðinu ofarlega í brautinni í fyrri ferðinni og var þar með dottinn úr svigkeppninni,” sagði Jóhann en aðeins örfáir keppendur komust niður brautina í svigkeppninni.

Jóhann setur markið hátt en 2018 hyggur hann á þátttöku í sínu öðru Vetrar Paralympics sem þá fara fram í Suður-Kóreu. „Ég fer aftur út í haust til Bandaríkjanna til æfinga en í sumar verð ég á fullu í ræktinni hjá Davíð Kristinssyni í Heilsupjálfun,” segir Jóhann að lokum.

VIÐ BJÓÐUM YKKUR VELKOMIN



Vinsamlegast bókið heimsóknina
fyrirfram á www.bluelagoon.is

BLUE LAGOON
ICELAND

VIÐ STYÐJUM ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA

Seltjarnarnes • Horn í horn, parketlagirnir • Íþróttafélagið Gróttu • Nesskip • Systrasamlagið • **Vogar** • Hársnyrtistofa Hrnannar • Sveitarfélagið Vogar **Kópavogur** • ALARK arkitektar • Allianz á Íslandi • Arnarljós • Automatic, heildverslun • Axis-húsgögn • Á. Guðmundsson • Ásborg Bifreiðaverkstæðið Toppur • Bílalakk • Bílaleiga Reykjavíkur • Bílaskjól, bifreiðasmiðja • Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs • Bílþáttastæðið Lindin Byggaðþjónustan bókhald og ráðgjöf • Conis, verkfræðiráðgjöf • Delilla og Samson • Einar Beinteins - Dúklagningameistari Elfa Guðmundsdóttur, tannlæknir • Fasteignamiðstöðin - Hús og hýbýli • Feris • Ferli • Fidesta, viðskipta- og rekstraráðgjöf Fossar, tryggingar & ráðgjöf • GK heildverslun • goddi.is • Hamraborg • Hegas • Hilmar Bjarnason, rafverktaki • Hjörtur Eiríksson Hvellur-G. Tómasson • Ingi hópfæðir • Inít • Innviðir • Íshúsið • Íslenskt marfang • Jarðtækni • Jó lagnir • JS ljósasmiðjan - Sláttuvélamarkaðurinn JS-hús • Karína • Klukkan, úr og skartgripir • Lakkskemman • Laser-tag Ísland • Loft og raftæki • Lögmennsstofa Guðmundar Þórðarsonar Fasteignasala Kópavogs • Margmiðlun • MHG verslun • Nobex • Pottagaldrar • Rafholt • Rafmiðlun • Ráðgarður, skiparáðgjöf • S.P. verktakar Sigurður Strange • Sjúkraþjálfunin Sporthúsinu • Skólamyndir • Snæland vídeó • Sólarfilma • Strikamerki • Sögufæðir • Tíbrá Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar • Vaki fiskeldiskerfi • Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar • Verkstjórasamband Íslands Vetrarsól, verslun • Vélaleiga Auberts Högnasonar • Ýmus, heildverslun • Þórborg • **Garðabær** • Aflbinding-Járnverktakar • Árvík Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa • G.S. Ráðgjöf • Garðabær • Geislataekni -Laser-þjónustan • GPJ ráðgjöf • Hagráð • Hannes Arnórsson J.J.R. trésmiðir • Kristmundur Carter málaramaestari • Loftorka • Læknatorg • Marás • Naust Marin • Okkar bakari • Pípulagna-verktakar • Rafboði Raftækniþjónusta Trausta • Samhentir • Tannlæknastofa Úlfhildar Leifsdóttur • Ungmennafélagið Stjarnan • Vörukaup, heildverslun • Öryggisgirðingar **Hafnarfjörður** • AC-Raf • Afhlutir • Altis ehf • Ás, fasteignasala • Ásafl • Bergplast • Bílaleiga Route 1 Car Rental • Dverghamrar • EO-Tréverk Ferðaskrifstofan Gaman Ferðir • Friðrik A Jónsson • Hafnarfjarðarhöfn • Hafnarsport • Hagtak • Hallbertsson • Héðinn Schindler lyftur Hlaðbær-Colas, malbikunarstöð • Hraunhamar • Hugsá sér • Hvalur • Ísfell • Ísrör • Lagnameistarinn • Lögmenn Thorsplani • Músik og Sport • Netorka Opal Sjávarfang • PON-Pétur O Nikulásson • Sáníng • Silkiprent • SJ Tréverk • Sjúkraþjálfarinn • Skóhöllin Fírdi • Tannlæknast. Harðar V Sigmarssonar Teknis • ThorShip • Trefjar • Vélaverkstæði Hjalta Einar • Vélsmiðjan Altak • Viðir og Alda • Víking björgunarbúnaður • VSB verkfræðistofa Þvottahúsið Faghreinsun • **Álfarnes** • Dermis Zen • **Reykjanesbær** • Alex gistihemili, Leifstóð • DMM Lausnir • Efnalaugin Vík Ferðaþjónusta Reykjaness • Fjölbrautaskóli Suðurnesja • Georg V. Hannah sf • Hópfæðir Sævars, 421 4444 • Keflavíkurkirkja M2 Fasteignasala og leigumiðlun • Nesraf • Plastgerð Suðurnesja • Ráin, veitingasala • Rörvirki • Skartsmiðjan • Smur- og hjólbarðaþjónustan Sporthúsið Reykjanessbæ • Toyota Reykjanessbæ • UPS á Íslandi • Útfararþjónusta Suðurnesja • Vatnsafl-Pípulagnir • Verkfræðistofa Suðurnesja Verslunarmannafélag Suðurnesja • **Grindavík** • Bókvit • Flutningaþjónusta Sígga • Hópsnes • Marver • Northern Light Inn • TG raf Veitingastofan Vör • Vélsmiðja Grindavíkur • Visir • VOOT Beita • **Sandgerði** • Vélsmiðja Sandgerðis • **Garður** • Sporði • Veitingastaðurinn Tveir vitar **Mosfellsbær** • A-Marine • Byggingarfélagið Jörð • Elektrus - löggiltur rafverktaki • Fagverk verktakar • Kjósarhreppur • LEE rafverktakar • Matfugl Reykjalundur endurhæfingarmiðstöð SÍBS • Rögn • Sjúkraþjálfun Mosfellsbæjar • Vélsmiðjan Sveinn • **Akranes** • Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar Bifreiðaverkstæðið Ásinn • Bílver, bílaverkstæði • Brautin • Grastec • Hús og bátar • Pípulagningaþjónustan • Rafnes • Runólfur Hallfredsson Sjúkraþjálfun Georgs Janússonar • Skaginn, Þorgeir og Ellert • Smurstöð Akranness • Snökur verktakar • Sólbjörg Dröfn • Verslunin Einar Ólafsson Þorgeir og Ellert • **Borgarnes** • Dýralæknarþjónusta Vesturlands • Eyja- og Miklaholtshreppur • Framköllunarþjónustan • Hársnyrtistofa Margrétar Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi • SÓ húsbýggingar • Ungmennasamband Borgarfjarðar UMSB • Vélaverkstæði Kristjáns **Reykholzt Borgarfirði** • Garðyrkjustöðin • **Stykkishólmur** • Ásklif • Félag stjórnmenda við Breiðafjörð • Helluskeifur • Marz sjávarafurðir • Sæferðir **Grundarfjörður** • Ragnar og Ásgeir • RúBenSuða • **Ólafsvík** • Hrund sf, gjafavörðverslun • Ingibjörg • Litlalón • Verslunin Kassinn **Búðardalur** • Dalabyggð • **Reykholáhreppur** • Reykhólahreppur • Þörungaverksmiðjan - Reykhólum • **Ísafjörður** • Artoficeland.is • Bílasmiðja S.G.B. Fræðslumiðstöð Vestfjarða • GE vinnuvélar • H.V. umboðsverslun - Heklu söluumboð • Hamraborg • Hótel Ísafjörður • Ísafjarðarbær • Massi þríf Sólberg • Tækniþjónusta Vestfjarða • Útgerðarfélagið Kjölur • **Bolungarvík** • Bolungarvíkurkaupstaður • Flugrúta Bolungarvík Flugrúta Bolungarvík-Ísafjörður • Gláður • Málningarlagerinn • Ráðhús • Sigurgeir G. Jóhannsson • **Súðavík** • Súðavíkurhreppur • **Flateyri** • Sytra **Suðureyri** • Berti G ÍS-161 • Klofningur • **Patreksfjörður** • Albína verslun • Oddi, fiskvinnsla-útgerð • Ungmennafélag Barðstrendinga • Vesturbýggð **Tálknafjörður** • Tálknafjarðarhreppur • **Bíldudalur** • Íslenska kalkþörungafélagið • **Hólmavík** • Uggí SF-47 • **Árneshreppur** • Hótel Djúparvík **Blönduós** • Blönduósbær • Kvenfélag Svinavatnshrepps • Ljón norðursins veitingahús og Blönduból gistiheimili • Samstaða, skrifstofa verkalyðsfélaga Ungmennasamband Austur-Húnavetninga - USAH • **Skagaströnd** • Kvenfélagið Hekla • Skagabyggð • Sveitarfélagið Skagaströnd Trésmiðja Helga Gunnarssonar • **Sauðárkrókur** • FISK-Seafood • Fjölmyndur • Kaupfélag Skagfirðinga • K-Tak • Sauðárkrókskirkja • Skagafjarðarveitur Verslun Haraldar Júlíussonar • Verslunarmannafélag Skagafjarðar • Vinnuvélar Guðmundar og Skúla • Vörumiðlun • **Varmahlíð** • Akrahreppur Skagafirði Ferðaþjónustan Bakkafloð • Hestaspport - Ævintýrafæðir • Stefánssynir • **Siglufjörður** • Snerpa, íþróttafélag fatlaðra **Akureyri** • Almenna lögþjónustan • Ambassador • AUTO, bílapartasala • Baugsbót, bifreiðaverkstæði • Bautinn og Smiðjan, veitingasala Berg félag stjórnmenda • Blikk- og tækniþjónustan • Blikkrás • Brynja • Dexta orkutæknilausnir • Efling sjúkraþjálfun • Eining-löja • Endurhæfingarstöðin Farfuglaheimilið Stórholti • Félag verslunar- og skrifstofufólks • Form ráðgjöf • Golfklúbbur Akureyrar • Gróðrarstöðin Réttarhöll Hagvís, heildverslun • HSH verktakar • Höldur, bílaleiga • Ísgát • Íslensk verðbréf • Kaupfélag Eyfirðinga • Knattspyrnufélag Akureyrar Lögmennshlíð lögfræðiþjónusta • Lögmennsstofan • Malbikun KM • Miðstöð • Norðurorka • Pípulagningaþjónusta Bjarna F. Jónassonar Raftákn ehf - Verkfræðistofa • Samvirkni • Skjaldarvík ferðaþjónusta • Slippurinn Akureyri • Stjörnusól • Tannlæknahúsið Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar • Tannlæknastofa Björns Rögnvaldssonar • Tannlæknastofa Hauks, Bessa og Hjórdísar **Grímsey** • Sigurbjörn, fiskverkun • Sæbjörg • **Dalvík** • Gistihúsið Skeið • Kussungur • Niels Jónsson • O Jakobsson **Ólafsfjörður** • Sjómannafélag Ólafsfjarðar • **Hrisey** • Eyfar • **Húsavík** • Bókaverslun Þórarins Stefánssonar • Fatahreinsun Húsavíkur Fjallasýn Rúnars Óskarssonar • Gistiheimilið Árból • Heiðarbær • Heimabakari Húsavík • Knarrareyri • Norðursigling Sjúkraþjálfun Sigurveigar • Skóbúð Húsavíkur • Víkurraf • **Mývatn** • Fjalladýrð • Jarðböðin við Mývatn • Kvenfélag Mývatnssveitar **Raufarhöfn** • Ónundur • **Þórshöfn** • Haki • **Bakkafjörður** • Hraungerði • **Egilsstaðir** • Bílamálun Egilsstöðum • Bókráð,bókhald og ráðgjöf Fljótsháttur, Hesta- og bátaleigan • Fljótshátturshérað • Gistihúsið Egilsstöðum • Hitaveita Egilsstaða og Fella • Hússtjórnaðarskólinn Hallormsstað Menntaskólinn á Egilsstöðum • Miðás • Myllan • PV-pípulagnir • Skrifstofuþjónusta Austurlands • Ungmenn- og íþróttasamband Austurlands Þ.S. verktakar • Ókusktóli Austurlands • **Seyðisfjörður** • PG stálsmiði • Seyðisfjarðarkaupstaður • **Reyðarfjörður** • Hárstofa Sigríðar • Skiltaval Tól og Tæki • Tærgesen, veitinga- og gistihús • **Eskifjörður** • Egersund Ísland • H.S. Lækning • Lindin fasteignir, Eskifirði **Neskaupstaður** • Síldarvinnslan • Verkmennaskóli Austurlands • **Fáskrúðsfjörður** • Loðnuvinnslan • Vöggur • **Stöðvarfjörður** • Ástrós **Breiðdalsvík** • Dýralæknirinn á Breiðdalsvík • **Djúpivogur** • Við Voginn • **Höfn í Hornafirði** • Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu • Króm og hvítt Sigurður Ólafsson • Skinny-Pinganes • Sveitarfélagið Hornafjörður • Vatnajökull Travel • Vélsmiðja Hornafjarðar • Þrastarhöll **Selfoss** • AB-skálinn • Bifreiðaverkstæðið Klettur • Bisk-verk • Bíltak • Bókaútgáfan Björk • Brandugla, þýðingar • Eðalbyggingar Fasteignasalan Árborgir • Fjölbrautaskóli Suðurlands • Flóahreppur • Foss stéttarfélag í almannarþjónustu • Fræðslunetið • símenntun á Suðurlandi Garðyrkjustöðin Engi • Garðyrkjustöðin Heiðmörk, Laugarási • Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði • Gólfliet • Grímsnes og Grafningshreppur Héraðssambandið Skarphéðinn - HSK • Jeppasmiðjan • Kvenfélag Gnúpverja • Málarninn Selfossi • Máttur sjúkraþjálfun • Nesey Rakarastofa Björns og Kjartans • Reykhóll • Skeiða- og Gnúpverjahreppur • Tannlæknarþjónustan.is • Verkfræðistofa Guðjóns Vélþjónusta Ingvars • **Hveragerði** • Fagvís fasteignamiðlun • Garðyrkjustöð Ingibjargar • Hótel Ör • Hveragerðiskirkja • Iceland Guided Tours Kjörís • Samtals • **Þorlákshöfn** • Fiskmark • Járnkarlinn • Meitillinn veitingahús • **Ólfus** • Básinn, Ingólfsskáli • Eldhestar • **Stokkseyri** • Hásteinn **Laugarvatn** • Ásvélar • **Flúðir** • Áhaldahúsið Steðji • Flúðasveppir • Íslenskt grænmeti • **Hella** • Fannberg • Hestvít • Íslenskar hestaferðir Varahlutaverslun Björns Jóhannsson • Verkalyðsfélag Suðurlands • **Hvolsvöllur** • Ferðaþjónusta bænda Stóru-Mörk • Gestastofan Þorvaldseyri Krappi, byggingaverktakar • **Vík** • Ferðaþjónustan Steig • Hótel Katla • Mýrdælingur • Þórissholt • **Kirkjubæjarklaustur** • Hótel Laki **Vestmannaeyjar** • Bragginn, bílaverkstæði • Hótel Vestmannaeyjar • Ísfélag Vestmannaeyja • Langa • Lifeyrissjóður Vestmannaeyja Miðstöðin • Narfi • Ós ehf • Rannsóknarþjónustan V.M. • Vélaverkstæðið Þór • Þekkingarsetur Vestmannaeyja



„STÆRSTI SIGURINN ER AÐ VERA MEÐ“

er hjörörðið frá stofnun Íþróttasambands fatlaðra. Óhætt er að fullyrða að frá stofnun sambandins og aðildarfélaga þess hefur margt áunnist og margs er að minnast. Þannig hefur fatlað íþróttafólk og afrek þess vakið aðdáun landsmanna og hróður þess borist langt út fyrir landsteinana. Hér má finna nokkra hápunkta úr sögu íþróttu fatlaðra á Íslandi.

Aðildarfélög ÍF

Árið 1970 ákvað Íþróttarþing ÍSÍ að sambandið beitti sér fyrir trimmherferð með það að markmiði að auka áhuga almennings á gildi hreyfingar. Í framhaldi samþykktar Íþróttarþings skipaði framkvæmdastjórn ÍSÍ sérstaka nefnd til undirbúnings íþróttastarfi fatlaðra og eftir margháttaðan undirbúning og kynningu á árinu 1973 leið að því að fyrstu íþróttafélög fatlaðra yrðu stofnuð hér á landi. Fyrsta íþróttafélag hreyfihamlaðra, sem stofnað var á Íslandi var Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík sem stofnað var 31. maí 1974. Þann 8. desember 1974 var annað íþróttafélag hreyfihamlaðra stofnað en það var Íþróttafélag fatlaðra á Akureyri sem nú heitir Akur. Eik á Akureyri var fyrsta íþróttafélag þroskahamlaðra á Íslandi en félagið var stofnað 16. maí 1978. Tveimur árum seinna, 18. maí 1980, var annað íþróttafélag þroskahamlaðra stofnað, Ösp í Reykjavík. Aðildarfélög Íþróttasambands fatlaðra eru nú 20 talsins, staðsett víðs vegar um landið.

Stofnun ÍF

Íþróttasamband fatlaðra var stofnað 17. maí árið 1979 og var Sigurður Magnússon fyrsti formaður þess. Stofnfélög sambandsins voru fimm talsins; Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík, Akur og Eik á Akureyri, Björk og Íþróttafélag heyrnarlausra. Félagunum átti eftir að fjölga ört og voru orðin níu árið 1983 og eru í dag 20. Meginhlutverk ÍF er að hafa yfirumsjón með allri íþróttastarfsemi fatlaðra og að vinna að eflingu íþróttastarfs fyrir fatlaða og koma fram erlendis í því sambandi. Ólíkt því sem gerðist víða um heim var ÍF stofnað að tilstuðlan ÍSÍ en ekki af hagsmunasamtökum fatlaðra. Íþróttir hafa því ávallt verið í forgrunni án áhrifa og afskipta hagsmunasamtaka einstakra fötlunarhópa. Árið 1984 tók Ólafur Jensson við formennsku ÍF og gegndi henni til 1996 er núverandi formaður, Sveinn Áki Lúðvíksson, tók við.



Seoul 1988 og vitundarvakningin

Ólympíumót fatlaðra árið 1988 í Seoul í Suður-Kóreu markaði þáttaskil í 24 ára sögu mótanna þar sem ólympíumótið fór í fyrsta sinn fram á sama stað og Ólympíuleikarnir sjálfir. Frábær árangur íslensku keppendanna vakti þjóðarathygli þar sem Haukur Gunnarsson og Lilja María Snorraddóttir unnu til gullverðlauna, Haukur í frjálsum íþróttum og Lilja María í sundi. Fatlaðir íþróttamenn urðu þjóðhetjur og óhætt er að fullyrða að þessi árangur lagði grunn að þeirri vitundarvakningu sem orðin er um íþróttir fatlaðra.



Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra (IPC)

Árið 1989 var Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra – IPC (International Paralympic Committee) stofnuð. 203 fulltrúar frá 44 löndum ásamt fulltrúum alþjóðasamtaka fatlaðra íþróttamanna, IBSA (samtök blindra), Cp-ISRA (samtök spastískra), ISMGF (samtök mænuskadaðra), IOSD (samtök aflimaðra og annarra) og CISS (samtök heyrnarskertra/lausra) tókust á um stofnun einna samtaka sem bæru ábyrgð á fjölgreina-íþróttamótum allra fötlunarflokka. Stofnun IPC var mikið gæfuspör og samtökunum hefur vaxið fiskur um hrygg og eru í dag virt og viðurkennd samtök á alþjóðavettvangi.



Special Olympics

Íþróttasamband fatlaðra gerðist aðili að Special Olympics-samtökunum (SOI) árið 1989 og hefur síðan þá verið umsjónaraðili samtakanna á Íslandi. Samtökin voru stofnuð af Kennedy-fjölskyldunni 1968 og stendur SOI að íþróttastarfi/leikum fyrir fólk með þroskahömlun án tillits til getu hvers og eins. Því er engin lágmarka krafist, keppt er við jafningja og allir fá verðlaun. Umgjörð eins og á ólympíumótum en keppnisform og val keppenda gjörólíkt.



Kristín Rós og Heiðurshöll ÍSÍ

Árið 2013 var sundkonan Kristín Rós Hákonardóttir fyrst fatlaðra íþróttamanna útnefnd í Heiðurshöll ÍSÍ sem er án efa ein æðsta viðurkenning sem íþróttamanni er sýnd. Kristín Rós var og er ein mesta afrekskona íslenskra íþróttar, en hún keppti á fimm heimsmeistaramótum og fimm ólympíumótum og setti samtals sextíu heimsmet og níu ólympíumótsmet. Kristín Rós var kjörin íþróttamaður ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra tólf ár í röð, fyrst árið 1995 og síðast árið 2006. Kristín Rós vakti athygli bæði hér á landi og erlendis fyrir einstakan íþróttiferil sinn. Hún hlaut viðurkenningu frá Eurosport árið 2004 fyrir framúrskarandi árangur og var fyrsti íslenski íþróttamaðurinn sem fær þessa viðurkenningu, sem og fyrsti íþróttamaðurinn úr röðum fatlaðra í heiminum. Kristín Rós lauk keppnisferli sínum til tuttugu og tveggja ára árið 2006 með því að vinna til verðlauna á heimsmeistarumóti fatlaðra í Suður-Afríku.



London 2012

Ólympíuleikarnir og Ólympíumótið í London 2012 eru án efa einhver best heppnaði Ólympíuviðburður sem haldinn hefur verið. Sama framkvæmdanefnd sá um báða þessa viðburði sem nefndin kynnti sem „The

London Games“, 45 daga íþróttahátíð sem hófst með setningu Ólympíuleikanna og lauk með lokaathöfn Ólympíumóts fatlaðra. Uppselt var á alla viðburði beggja íþróttaviðburðanna og aldrei hafa fleiri fylgst með sjónvarpsútsendingum þeim tengdum. Ríkisútvarpið var í fyrsta sinn með beinar útsendingar frá Ólympíumóti fatlaðra og vakti frammistaða íslenska íþróttafólksins ómælda athygli. Gullverðlaunahafinn í sundi fatlaðra, Jón Margeir Sverrisson, varð í þriðja sæti í kjöri íþróttamanns ársins hjá íþróttaréttamönnum.



Gullkonan Sigrún Huld

Sigrún Huld Hrafnadóttir var ein fremsta sundkona úr röðum þroskahamlaðra. Á 13 ára sigursælum ferli sínum, sem stóð frá árinu 1983 til 1996, var hún nær ósigrandi á sundmótum hér innanlands auk þess að vera sigursæl á alþjóðlegum mótum. Bestum árangri náði Sigrún Huld á Ólympíumóti þroskahamlaðra í Madrid á Spáni árið 1992 þegar hún vann til níu gullverðlauna og tvennra silfurverðlauna og setti um leið fjögur heimsmet í einstaklingsgreinum og fjögur í boðsundi. Sigrún Huld var þrívægis valin íþróttamaður ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra, 1989, 1991 og 1994 og árið 1991 var hún útnefnd besti íþróttamaður þroskahamlaðra í heiminum af Alþjóðasamtökum þroskahamlaðra, INAS. Þá var hún valin íþróttamaður Reykjavíkur árið 1992.



A la Carte

4ra rétta seðill og A la Carte í Perlunni

4ra rétta seðill

REYKT BLEIKJA
með hnúðkáli, kryddbrauði og agúrksorbet

HUMARSÚPA
Rjómalöguð með Madeira og steiktum humarhólum

LAMB Á TVO VEGU, LÉTTSTEIKT OG HÆGELDAD
með heslihnetum, seljurót, rósmarín-kartöflupressu og rauðvínssóðgljáa

*** eða ***

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni
útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

TVEGGJA LAGA SÚKKULAÐIMÚS
með ástaraldin-hlaupi, haframulningi og vanilluís

Gjafabréf
Perlunnar
Góð gjöf við
öll tækifæri!



Stefán Elí Stefánsson,
yfirmatreiðslumaður
Perlunnar og sigurvegari
matreiðslukeppninnar
Bragð Frakklands 2014,
mælir með 4ra rétta seðli
Perlunnar.



Veitingahúsið Perlun
Sími: 562 0200 • Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is



Afrek á alþjóðavettvangi

Ísland tók fyrst þátt í Ólympíumóti fatlaðra árið 1980 og hefur æ síðan átt keppendur í slíkum mótum, sem og sent þátttakendur til keppni í Evrópu- og Heimsmeistaramótum. Þannig hafa fatlaðir íslenskir íþróttamenn unnið til 98 verðlauna á Ólympíumótum fatlaðra frá árinu 1980. Af þessum verðlaunum eru 37 gullverðlaun, síðast í London 2012. Þá hafa íþróttamenn ÍF unnið til 66 verðlauna á HM og 53 verðlauna á EM. Ísland tók fyrst þátt í Ólympíumóti fatlaðra í vetraríþróttum 2010 þegar Erna Friðriksdóttir, fyrst Íslendinga, náði lágmörkum í alþagreinum.



EM í sundi

Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi fór fram á Íslandi í októbermánuði 2009. Mótið er stærsta alþjóðlega sundmótið sem haldið hefur verið hér á landi með þátttöku rúmlega 600 keppenda, þjálfara og fararstjóra. Alls voru 73 Evrópumet og 24 heimsmet sett á mótinu sem tókst í alla staði vel með dyggri aðstoð fjölmargra sjálfboðaliða og fyrirtækja, að ógleymdri aðstoð íþróttahreyfingarinnar, SSÍ, ÍSÍ og ÍBR. Í kjölfar svindlmála sem komst upp um í herbúðum Spánverja á Ólympíumótinu í Sídney árið 2000 var þroskahömluðum meinaður aðgangur að mótum IPC. Norðurlöndin, með Ísland í fararbroddi, leiddu málið til lykta og var Evrópumeistaramótið á Íslandi 2009 fyrsta skrefið í því að leiða að nýju þroskahamlaða íþróttamenn inn í alþjóðleg mót á vegum IPC.

Afrekssjóður ÍSÍ

Í ágúst mánuði 2005 komust framkvæmdastjórn ÍSÍ og stjórn ÍF að einróma samkomulagi varðandi styrkjafyrirkomulag til framtíðar fyrir fatlaða íþróttamenn. Frá og með 1. janúar 2006 gat ÍF sótt um afreksstyrki fyrir sitt íþróttafólk á sama grundvelli og önnur sérsambönd ÍSÍ. Líkt og hjá öðrum sérsamböndum krefst ÍSÍ upplýsinga um stöðu íþróttamanna á styrkleikalistum alþjóðasambanda og gerir kröfur um árangur, ástundun og eftirlit. Aðild að Afrekssjóði ÍSÍ var mikil viðurkenning á því að meta afrek fatlaðra íþróttamanna til jafns við aðra ófatlaða íþróttamenn.

Tímaritið Hvati

Að frumkvæði fyrrum formanns ÍF hóf sambandið árið 1991 að gefa út tímaritið Hvati. Tímaritinu sem kemur út tvisvar sinnum á ári er dreift ókeypis í fimm þúsund eintökum á hina ýmsu staði með það að markmiði að upplýsa fólk og vekja athygli á íþróttum fatlaðra.

Samstarfsaðilar ÍF

Íþróttasamband fatlaðra hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga öfluga bakhjarla í hinum ýmsu fyrirtækjum sem sum hafa stutt við starfsemi sambandsins frá stofnun. Í kjölfar Ólympíumótsins í Atlanta 1996 hóf ÍF að gera langtímasamninga við samstarfsaðila sína sem gert hefur sambandinu kleift að horfa fram á veginn með langtíamarkmið íþróttafólks í huga.



Norræn samvinna

Nord-HIF samtökin (íþróttasambönd fatlaðra á Norðurlöndum) voru stofnuð hér á landi 1979 og halda árlega fundi til skiptis á Norðurlöndunum, auk þess sem framkvæmdastjórn landanna hittast á fundum einu sinni á ári. Skiptast löndin á að fara með formennsku og skrifstofu samtakanna og þar með að koma fram fyrir hönd þeirra í hinum ýmsu málum sem tengjast íþróttum fatlaðra á Norðurlöndum. Meðal verkefna Nord-HIF er umsjón Norðurlandameistaramóta, standa að framkvæmd ráðstefna um málefni er tengjast íþróttum fatlaðra, skýra stöðu og stefnu Norðurlandanna á alþjóðavettvangi og hafa þannig áhrif á þróun íþróttafatlaðra í hinum ýmsu íþróttagreinum.




Sumarbúðir ÍF

Íþróttasamband fatlaðra hefur rekið sumarbúðir á hverju sumri frá árinu 1986. Markmið sumarbúðanna er að kynna, efla og viðhalda áhuga á íþróttum fatlaðra. Hefur þessi starfsemi notið mikilla vinsælda og ljóst að þörfin er mikil enda hafa margir kynnst íþróttum fatlaðra í fyrsta sinn í sumarbúðunum.

ÍSLANDSMÓTIÐ 2015



Íslandsmót ÍF í sundi, boccia, borðtennis, frjálsum og lyftingum fóru fram í mars- og aprílmánuði þessa árs. Keppni í sundi fór fram í Laugardalslaug en keppni í lyftingum, frjálsum og boccia fór fram í glæsilegri aðstöðu FH í Hafnarfirði. Þá var keppt í borðtennis í Íþróttahúsi ÍFR að Hátúni í Reykjavík.



Íþróttasamband fatlaðra vill koma á framfæri innilegu þakklæti til allra þeirra er lögðu hönd á plóg við framkvæmd mótanna. Lokahóf Íslandsmótanna fór svo fram í Gullhömrum í Grafarvogi þar sem boðið var upp á dýrindis kvöldverð og þeir Ingvar Valgeirs og Hlynur Ben ásamt hljómsveit héldu uppi stuðinu langt fram á kvöld.



ÚRSLIT ÍSLANDSMÓTANNA
MÁ NÁLGAST Á HEIMASÍÐU ÍF: WWW.IFSPORT.IS

SKÍÐANÁMSKEIÐ ÍF OG NSCD 2015 OG NÝ SAMSTARFSVERKEFNI VIÐ NSCD

Beth Fox frá NCSD Winter Park Colorado kom til Íslands í febrúar vegna skíðanámskeiðs fyrir fatlaða sem haldið var í Hlíðarfjalli. Vetraríþróttanefnd ÍF ásamt Beth Fox sá um skipulag námskeiðsins en umsjón á Akureyri var í höndum Elsu Skúladóttur og Þrastar Guðjónssonar, formanns nefndarinnar. Veður var ekki hagstætt og hluti námskeiðsins var færður í Skautahöll Akureyrar þar sem þátttakendur prófuðu skauta og skemmtu sér vel. Í tengslum við komu Beth Fox til landsins var haldin kynning á útivist fyrir fatlaða í þekkingarmiðstöð Sjálfsbjargar. Sýndar voru myndir af íslensku útivistarfólki sem er með mismunandi fötlun en hefur aldrei látið það hafa áhrif á ástundun útivistar. Samstarf ÍF við NSCD mun áfram felast í námskeiðahaldi og þjálfun keppnisfólks á skíðum. Nýtt samstarf sem felur í sér heimsóknir fjölskyldna fatlaðra barna til Winter Park er komið í ákveðið ferli og nokkrar fjölskyldur hafa sýnt áhuga á að nýta pakkatilboð Winter Park í janúar 2016.



Allir með

Við erum stolt af því að styðja við bakið á Íþróttasambandi fatlaðra og stuðla að jöfnum tækifærum til þátttöku í íþróttum.

Starfsfólk Arion banka



FREMSTIR Í SINNI RÖÐ!

HELGI OG JÓN MARGEIR SETTU HEIMSMET



Afreksíþróttamennirnir Helgi Sveinsson, Ármanni og Jón Margeir Sverrisson, Fjölni eru í hörku formi um þessar mundir en fyrr á árinu settu þeir báðir ný og glæsileg heimsmet — Jón í 200m skriðsundi í flokki S14 og Helgi í spjótkasti í flokki F42.

Jón Margeir mætti sínum helsta keppinaut á opna þýska meistaramótinu í aprílmánuði en sá heitir Daniel Fox og kemur frá Ástralíu. Áttust þeir félagar við í 200m skriðsundi þar sem Jón Margeir varð fyrstur þroska-hamlaðra sundmanna í heiminum til þess að koma í bakkann í greininni undir 1:57,00 mínútur. Lokatími Jóns Margeirs var 1:56,94 mínútur, sem er nýtt og glæsilegt heimsmet. Fox var ekki langt undan eða á 1:57,07 mínútum og því óhætt að slá því föstu að þessir tveir kappar muni há gríðarlegan bardaga þegar kemur að Paralympics í Ríó á næsta ári.



Í maímánuði fór JJ mót Ármanns fram í frjálsum íþróttum og voru aðstæður fremur hranalegar hvað veðurfar varðar. Helgi Sveinsson lét það ekki á sig fá heldur mólvaði standandi heimsmet með kasti upp á 54,62 metra. Helgi var svo aftur á ferðinni í júní á kastmóti FH þar sem hann stórbætti heimsmetið frá maímánuði með kasti upp á 57,36 metra. Fyrra heimsmetið átti kinverjinn, Yanlong Fu, sem var 52,79 metra. Helgi landaði þarna þrennunní líkt og Jón Margeir gerði í Berlín því árangur kappanna er auðvitað ekki aðeins heimsmet heldur einnig Evrópumet og að sjálf-sögðu Íslandsmet.

Íþróttasamband fatlaðra óskar þessum öflugum íþróttamönnum til hamingju með árangurinn.



ÁTTU ÞÉR DRAUM?

Rudy Garcia-Tolson ól ungur með sér draum um að keppa meðal þeirra bestu.

Með þrautseigju og jákvæðu hugarfari hefur hann rutt öllum hindrunum úr vegi.

Nú 15 árum síðar hefur hann keppt á þremur Ólympíuleikum fatlaðra og unnið til fjölmargra verðlauna.

Átt þú þér draum?



WWW.OSSUR.COM

GRJÓTHÁLS 1-5
110 REYKJAVÍK
S. 515 1300

JOSH BLUE MÆTIR Í HÁSKÓLABÍÓ FÖSTUDAGINN 4.SEPTEMBER!

Þessi magnaði grínisti sem er með CP (Cerebral Palsy) sigrði NBC's Last Comic Standing og hefur síðan þá ferðast um allan heim og tryllt fjölda fólks með óviðjafnanlegu uppistandi. Josh var fyrsti uppistandarin til að skemmta í sjónvarpsþætti Ellen DeGeneres og er reglulegur gestur í Mind of Mencia á Comedy Central.

Þetta verður svo sannarlega brjálæðislega skemmtilegur viðburður! Miðasala hefst á midi.is í byrjun ágúst - fylgist einnig vel með á Facebook síðu Komedý og á www.komedý.is



Fjarðaprif ehf.
Kirkjustíg 2
735 Eskifjörður



SAMSUNG

FRÍHÖFNIN



KOMDU Í FÓTBOLTA

VIÐ ERUM STOLTIR
STYRKTAÐILAR

LYKILLINN
AÐ LÆGRA
VERÐI

WWW.ATLANTSOLIA.IS



SAMBANDSPING ÍF 2015

ÓLAFUR ÞÓR EINI NÚLIFANDI HEIÐURSFÉLAGINN

Sautjándi Sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra fór fram í lok apríl sl. en þingið var haldið á Radisson Blu Hótel Sögu í Reykjavík. Sambandsþing fer með æðsta vald í málefnum ÍF og sitja þingið fulltrúar kjörnir af þeim sambandsaðilum sem starfa innan vébanda ÍF. Meðal gesta við þingsetninguna voru forseti Íslands, félagsmálaráðherra, fulltrúar ÍSÍ auk annarra gesta sem tengjast starfsemi sambandsins. Í setningarræðu sinni gat Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF, þess að á þinginu yrði tekin upp sú nýbreytni að þinggögn væru á rafrænu formi og hver þingfulltrúi hefði fengið afhentan minnislykil með tilskildum þinggögnum. Var ekki annað að heyra á þingfulltrúum en að þessi framsetning þinggagna hefði mælst vel fyrir.

Sveinn Áki Lúðvíksson var endurkjörinn formaður ÍF og þá komu ný inn í varastjórn þau Halldór Sævar Guðbergsson og Eva Þórdís Ebeneðardóttir. Samhliða þessu létu þau Ólafur Þór Jónsson og Margrét Geirrún Kristjánsdóttir af stjórnarstöfum hjá ÍF.

Ný stjórn ÍF sem starfar kjörtímabilið 2015-2017:

Sveinn Áki Lúðvíksson - formaður
Þórður Árni Hjaltested - varaformaður
Jóhann Arnarson
Matthildur Kristjánsdóttir
Guðlaugur Ágústsson

Varastjórn

Jón Heiðar Jónsson
Eva Þórdís Ebeneðardóttir
Halldór Sævar Guðbergsson

Við þingsetningu var Ólafur Þór Jónsson gerður að heiðursfélagi Íþróttasambands fatlaðra og honum einnig veitt æðsta heiðursmerki sambandsins. Ólafur Þór er þar með eini núlifandi heiðursfélaginn en tveir aðrir hafa áður hlotið þessa nafnbót, þeir eru Ólafur Jensson, fyrrum formaður ÍF, og Sigurður Magnússon, fyrrum formaður ÍF og einn stofnenda sambandsins.

Ólafur Þór hefur setið í stjórn Íþróttasambands fatlaðra allt frá stofnun árið 1979. Íþróttasamband fatlaðra þakkar Ólafi Þór innilega fyrir óeigingjarnt og ómetanlegt starf hans í þágu íþrótta fatlaðra.

Um æðsta heiðursmerki ÍF:

Æðsta heiðursmerki ÍF, er gullmerki á krossi, borið í borða í íslensku fánalitunum. Skál veita íslenskum ríkisborgara, sem unnið hefur langvarandi og góð störf í þágu ÍF, íþróttahreyfingarinnar í heild, einstakra íþróttahéraða, íþróttagreina eða með öðrum hætti, sem stjórn sambandsins ákveður, en störf viðkomandi verða að hafa haft afgerandi áhrif á framgang íþrótta fatlaðra.

Fimm einstaklingar voru einnig sæmdir gullmerki Íþróttasambands fatlaðra fyrir störf þeirra í þágu íþrótta fatlaðra:

Guðrún Árnadóttir, formaður Íþróttafélagsins Snerpu á Siglufirði
Lárus Rafn Blöndal, forseti ÍSÍ
Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ
Ludvig Guðmundsson, læknir og fyrrum formaður læknaráðs ÍF
Margrét Geirrún Kristjánsdóttir, fráfari ritari stjórnar ÍF
Ólafur Þórarinnsson, sundþjálfari hjá Íþróttafélaginu Firði



Hjónin Ólafur Þór Jónsson og Margrét Friðþóra Sigurðardóttir við Sambandsþing ÍF á Radisson Blu Hótel Sögu í aprílmánuði 2015.

L477U TÖLURN4R Þ1N4R 4LLT4F V3R4 M3Ð 1 4SKR1FT

Tryggðu þér áskrift á lotto.is svo þú gleymir aldrei
að spila með Lottó, Eurojackpot eða Víkingalottó.
Áskrift – ekkert rugl!

SIGRÚN HULD SÆMD RIDDARAKROSSI FÁLKAORÐUNNAR

25



Á nýársdag 2015 var Sigrún Huld Hrafnisdóttir sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir afrek og framgöngu á vettvangi íþróttatfatlaðra. Sigrún Huld Hrafnisdóttir fæddist 12. janúar 1970, dóttir hjónanna Kristínar Erlingsdóttur og Hrafn Magnússonar. Hún ólst upp í Seljahverfinu og gekk í Öskjuhlíðarskóla til 18 ára aldurs. Í dag vinnur hún hjá Nóa Sírius og líkar það vel. Hún hlaut nýlega viðurkenningu fyrir 25 ára starfsaldur þar.



Í fréttabréfi frá Íþróttafélaginu Ösp sem kom út skömmu eftir að Sigrún Huld var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu sagði:

Það er vitaskuld fréttæmt að þroskahamlaður og einhverfur einstaklingur eins og Sigrún Huld skuli fá slíka viðurkenningu fyrst allra. Þar með er vonandi brotið blað í viðhorfum samfélagsins til þroskahamlaðra og einhverfra einstaklinga sem skarað hafa fram úr í íþróttum og verið fyrirmynd annarra í svipuðum sporum.

Sigrún Huld var ein fremsta sundkona úr röðum fatlaðra. Hún hún hóf æfingar hjá Íþróttafélaginu Ösp árið 1983 og hætti keppni í lok árs 1996 eða eftir 13 ára sigursælan feril. Sigrún Huld var nær ósigrandi á sundmótum bæði hér innanlands og erlendis þegar hún keppti fyrir Íslands hönd.

Bestum árangri náði Sigrún Huld á Ólympíumóti fatlaðra í Madrid á Spáni árið 1992 þegar hún vann til níu gullverðlauna og tvennra silfurverðlauna og setti um leið fjögur heimsmet í einstaklingsgreinum og fjögur í boðsundi.

Sagt var að Sigrún Huld Hrafnisdóttir hefði unnið til svo margra gullverðlauna að mótshöldurum fannst varla taka því að taka íslenska fánann niður, nema ef vera skyldi vegna fánareglna og spurt var hvort það væri til styttri útgáfa af þjóðsöngnum.

Eftir Ólympíumótið í Madrid átti Sigrún Huld ennþá glæstan sundferil og setti til viðbótar nokkur heimsmet í keppnum sínum hér heima og erlendis. Hennar aðalgrein var bringusund.

Sigrún Huld var þrívægis valin íþróttamaður ársins hjá Íþróttasambandi fatlaðra, 1989, 1991 og 1994 og árið 1991 var hún útnefnd besti íþróttamaður þroskahamlaðra í heiminum af Alþjóðasamtökunum INAS. Þá var hún valin íþróttamaður Reykjavíkur árið 1992. Einnig var hún valin maður ársins af hlustendum Rásar 2 og Bylgjunnar árið 1992.

Óhætt er að fullyrða að Sigrún Huld hafi rutt brautina svo um munaði á Ólympíumótum fatlaðra með glæstum sigrum sínum í Madrid en síðan liðu heil tuttugu ár, þar til sundmaður úr röðum þroskahamlaðra, líka alinn upp í Ösp, Jón Margeir Sverrisson, náði því að vinna gullverðlaun á sama vettvangi.

ENNEUM / SA / NM08419

Ekkert er ómögulegt!

Valitor hefur verið einn **aðalstuðningsaðili** Íþróttasambands fatlaðra í **yfir 20 ár**. Við erum **stolt** af því.

Við höfum glaðst yfir glæstum sigrum, dáðst að ástundun og árangri og séð það staðfest ótal sinnum hverju íþróttastarf skilar þátttakendum og aðstandendum þeirra.



LISTHLAUP Á SKAUTUM



Hér má sjá alla keppendur National Winter Games of Special Olympics Austria with International Participation sem fram fór í mars síðastliðnum. Skautadeild Aspar átti þar þrjá fulltrúa sem stóðu sig einstaklega vel, komu heim með verðlaun um hálsinn og sannarlega reynslunni ríkari. — Ljósmynd: Svava Hröðný Jónsdóttir.



Átta keppendur úr Skautadeild Aspar tóku þátt á alþjóðlegu móti undir merkjum Inclusive Skating sem fram fór í apríl 2015. 60 keppendur tóku þátt á mótinu frá fimm löndum þ.e. Skotlandi, Englandi, Austurríki, Finnlandi og Íslandi. Allir keppendur okkar komu heim með verðlaun um hálsinn til marks um frábæra frammistöðu. — Ljósmynd: Tryggvi Þór Agnarsson

ÞRÍR KYLFINGAR FENGU STYRK ÚR MINNINGARSJÓÐI HARÐAR BARÐDAL



Fanney Barðdal, (dóttir Harðar) Elín Fanney Ólafsdóttir GK, Bjarki Guðnason GS, Pálmi Þór Pálmason GR, Sesselja Barðdal, (dóttir Harðar) og Kristmann Magnússon stjórnarmaður í Minningarsjóðnum og vinur Harðar Barðdal.

Stjórn Minningarsjóðs Harðar Barðdal samþykkti að styrkja þá þrjá kylfinga sem valdir hafa verið til að keppa í golfi á Special Olympics í sumar um kr. 100.000 til að auðvelda þeim undirbúning og þátttöku í leikunum. Þá hafa þau einnig fengið golffatnað frá samstarfsaðila Golfsambands Íslands, ZOON. Kylfingarnir eru: Bjarki Guðnason, Golfklúbbi Suðurnesja, Elín Fanney Ólafsdóttir, Golfklúbbum Keili og Pálmi Þór Pálmasson, Golfklúbbi Reykjavíkur.

VALITOR

ÍSLENDINGAR Á STÓRA SVIÐINU Í LOS ANGELES Í SUMAR



Special Olympics
**WORLD
GAMES**
LOS ANGELES 2015

Stærsti íþróttaviðburður ársins 2015, alþjóðaleikar Special Olympics, hefst með opnunarhátíð í Los Angeles Memorial Coliseum 25. júlí. Heiðurgestgjafar leikanna eru Barack Obama Bandaríkjaforseti og kona hans, Michelle Obama, ásamt Eric Garcetti, borgarstjóra í LA, og Jerry Brown, fylkisstjóra í Kaliforníu.

Gífurlegur metnaður hefur verið lagður í undirbúning og það verður gaman fyrir íslenska keppendur að ganga inn á völinn í hópi 7000 keppenda frá 177 löndum fyrir framan 80.000 áhorfendur.

Íþróttasamband fatlaðra sendir fjörutíu og einn keppanda til LA til keppni í níu greinum; badminton, boccia, fimleikum, frjálsum íþróttum, golfi, keilu, knattspyrnu, lyftingum og sundi. Nýtt skref verður stigið þegar Íslendingar keppa í fyrsta skipti á alþjóðaleikum Special Olympics í „unified sport“ þar sem fatlaðir og ófatlaðir keppa saman. Systkini frá Reykjanesbæ og Bolungarvík munu keppa saman sem lið í golfi og badminton. Þeir sem valdir eru til keppni á þessum leikum eru tilnefndir af aðildarfélögum ÍF en val á að miðast við góða ástundun, framfarir, góð samskipti og hegðun en ekki árangur eins og gildir um hefðbundin íþróttamót. Fjölmargar tilnefningar bárust um fá sæti en Ísland fær kvóta í hverja grein. Allir keppendur gista á háskóla-svæðunum UCLA og USC. Keppnisstaðir eru eftirtaldir; USC; sund, frjálssar. UCLA; knattspyrna, fimleikar. LACC; badminton, boccia, lyftingar. Lucky Strike; keila. Griffith Park; golf. Auk þeirra níu greina sem Íslendingar taka þátt í er keppt í borðtennis, blaki, hjólríðum, körfubolta, hjólastauta, hlaupi, kajakróðri, júdó, handbolta, maraþoni, hestamennsku, tennis, softball, þríþraut, strandblaki og siglingum.

Elsti keppandinn frá Íslandi er 59 ára og yngsti 16 ára. ESPN sjónvarpsstöðin mun sjónvarpa beint frá opnunarhátíðinni og ákveðnum dagskrárliðum.

Healthy Athlete - Heilsufarsmælingar keppenda í boði fagfólks á leikunum

Verkefnið Healthy Athlete hefur vakið mikla athygli en keppendur á leikum Special Olympics geta fengið ókeypis heilsufarsskoðun í miðstöð þar sem tannlæknar, augnlæknar, heyrnar- og talmeinafræðingar, sjúkrapjálfarar, fóttaðgerðfræðingar og fleiri fagaðilar starfa í sjálfböðavinnu. Á leikunum í LA verður kynnt verkefnið Young Athlete Program sem er byggt upp með æfingum í leikjaformi þar sem markmið er að efla hreyfifærni ungra barna.

Íslenskur lögreglumaður í alþjóðaliði lögreglumanna sem hlaupa með eld leikanna

Alþjóðlegt lið lögreglumanna hleypur kyndilhlaup um Bandaríkin og endar á opnunarhátíð leikanna. Þar verður kveiktur eldurinn sem logar alla leikana. Ísland á í fyrsta skipti fulltrúa í hópi lögreglumanna á alþjóðaleikum Special Olympics en það er Guðmundur Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður frá Suðurnesjum. Tveir íslenskir alþjóðahandboltadómarar, þeir Gísli Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson, dæma á leikunum. Sjöttíu aðstandendur keppenda fara til LA og fylgjast með leikunum. Gestir Special Olympics á Íslandi verða Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra, forseti ÍSÍ, Lárus Blöndal og Helga Steinn Guðmundsdóttir, varaforseti ÍSÍ, og fulltrúi Samherja, annars aðalstyrktaraðila SO á Íslandi. Formaður ÍF og SO á Íslandi, Sveinn Áki Lúðvíksson, verður viðstaddur leikana og Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs ÍF, hefur umsjón með dagskrá gesta.

Nánar um Special Olympics International, www.specialolympics.org

Special Olympics International (SOI) eru stofnuð af Kennedy fjölskyldunni árið 1968. Markmiðið er að skapa einstaklingum með þroskahömlun tækifæri til þátttöku í íþróttastarfi þar sem virðing og jafnræði ríkir og allir eru sigurvegarar. Yfir 500 Íslendingar hafa fengið tækifæri til þátttöku á alþjóðaleikum og Evrópuleikum Special Olympics auk þess sem ýmis sérgreinamót eru í boði. Auk íþróttastarfs hafa verið innleidd alþjóðleg verkefni sem miða að því að bæta heilsufar, menntun og daglegt líf fólks með þroskahömlun. Einnig sérverkefni Evrópuþjóða.

Þátttakan er aðalatriðið, allir keppa við jafningja og allir eiga sömu möguleika á verðlaunum. Hugmyndafræðin byggir á gildi umburðarlyndis og jafnræðis þar sem áhersla er á virka þátttöku, ánægju, einstaklingsmiðaða færni og ekki síst vináttu.

Í pýramídamíðuðum íþróttahæmi er hugmyndafræði Special Olympics ólík öllu öðru.





MARAFON
MÆÐGURNAR



Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

„Hvort er mamma með 20 ára forskot á mig eða ég á hana?“

Fyrsta skrefið er að skrá sig á marathon.is

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður að morgni Menningarnætur þann 22. ágúst. Í boði verða vegalengdir við allra hæfi auk þess sem hægt er að fara heilt maraþon í boðhlaupi. Skráning er í fullum gangi á marathon.is.

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum og látið gott af þér leiða á hlaupum.

f Fylgstu með á Facebook
Marafonmæðgurnar

📷 Fylgstu með á Snapchat
Marathonmaedgur

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 18 ár.

Íslandsbanki



ÞÁTTTAKA ÍSLANDS

Fimleikar



Eydis Ásgeirsdóttir
Gerpla



Jóhann Fannar Kristjánsson
Gerpla



Birkir Eiðsson
Gerpla



Erla Björg Haraldsdóttir
Gerpla



Eva Gunnarsdóttir
þjálfari



Sigurlín Jóna Baldursdóttir
þjálfari

Lyftingar



Vignir Unnsteinsson
ÍFR



Ólafur Aron Einarsson
Suðri



Hlynur Áskelsson
þjálfari

Badminton Unified



Ómar Karvel Guðmundsson
Ívar



Petra Dröfn Guðmundsdóttir
UP



Jónas Sigursteinsson
þjálfari

Sund



Bjarki Skjöldal
Óðinn



Emil Björnsson
ÍFR



Tinna Rut Andrésdóttir
Óðinn



Rákel Aradóttir
Ösp



Ástrós María Bjarnadóttir
Nes



Helena Hrunð Ingimundar
þjálfari

Frjálsar íþróttir



Ólafur Þórarinnsson
þjálfari



Bryndís Brynjólfssdóttir
Nes



Héðinn Jónsson
Eik



Bjarki Rúnar Steinarnsson
ÍFR



María Dröfn Einarsdóttir
Eik



Ásta Katrín Helgadóttir
þjálfari

Golf



Egill Þór Valgeirsson
þjálfari



Elín Fanney Ólafsdóttir
GK



Pálmi Þór Pálmason
GR



Bjarki Guðnason
GS



Heiða Guðnadóttir
GKJ UP



Fylkir Guðmundsson
þjálfari

Golf Unified

Boccia



Vilhjálmur Þór Jónsson
Nes



Bára Sigurðardóttir
Eik



Anna María Þórðardóttir
þjálfari

Keila



Aldis Ösk Björnsdóttir
Ösp



Vilhelm Már Sigurjónsson
Ösp



Harpa Hauksdóttir
þjálfari



SAMHERJI

Samherji trúir á mikilvægi fjölbreyttrar hreyfingar fyrir alla og er styrktaraðili ÍF og Special Olympics



ÁRANGUR / KRAFTUR / STUNDVÍSI / HVATI / STUÐNINGUR / ÚTSJÓNARSEMI / ÚTHALD / STYRKUR / HEILSA / MATARÆÐI / SÓKN / AGI
YFIRVEGUN / GLEÐI / SIGUR / ÞÁTTAKA / ÁRÆÐNI / SNERPA / ÁKVÆÐNI / ÆFING / METNAÐUR / SIGURVILJI / ATHYGLI / JÁKVÆÐNI



ÞÁTTTAKA ÍSLANDS

33



Knattspyrna



Jón Alexander Guðmundsson
Ösp



Sveinbjörn Guðmundsson
Ösp



Jónas Ingi Björnsson
Ösp



Daniel Snær Gústavsson
Ösp



Jón Reynir Gústafsson
Ösp



Andri Jónsson
Ösp



Róbert Ragnarsson
Ösp



Jón Arnar Guðbrandsson
Ösp



Guðmundur Hafliðason
Ösp



Jakob G. Lárusson
Nes



Ragnar Ólafsson
Nes



Sigurður Guðmundsson
Nes



Konráð Ólafur Eysteinnsson
Nes



Jósef William Danielsson
Nes



Almar Þór Þorsteinsson
Suðri



Darri Mchahon
Þjálfari



Birkir Þór Karlsson
Þjálfari



Guðlaugur Gunnarsson
Fulltrúi KSÍ


Fararstjórar eru Anna Karólína Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi, og Jóhann Arnarson, stjórnarmaður ÍF og íþróttastjóri Special Olympics á Íslandi. Þáttökulönd fá í fyrsta sinn kvóta til að senda lækni eða sjúkraþjálfara með keppendum og Marrit Meintema sjúkraþjálfari fylgir íslenska hópnum.



Anna Karólína
Vilhjálmisdóttir



Jóhann Arnarson



Marrit Meintema





Special Olympics
Iceland

STOLTIR BAKHJARLAR



Íslandsbanki **SAMHERJI**



SPURNINGAHORNIÐ

SENDI SPURNINGAR Á FJÓRA KEPPENDUR
SEM ERU Á LEIÐ Á LEIKANA Í LA

35



Sveinbjörn Guðmundsson

1. Í hverju ert þú að fara að keppa í LA?
Fótbolta.

2. Hvað heldurðu að verði skemmtilegast við þessa ferð?
Keppa við frábærar aðstæður og hafa gaman að spila fótbolta.

3. Heldurðu að þú eignist nýja vini í ferðinni?
Já, alveg pottþétt.

4. Skiptir máli að vera valinn í svona ferð og hvers vegna?
Já, það skiptir miklu máli því að í fótboltanum er mikil samkeppni og flott að fá viðurkenningu fyrir það sem maður er að gera vel og leggja á sig.

5. Er eitthvað sérstakt sem þú vilt segja að lokum?
Áfram Ísland! Það er alltaf gaman að heimsækja ný lönd. Þetta verður örugglega skemmtileg ferð.



Eydís Ásgeirsdóttir

1. Í hverju ert þú að fara að keppa í LA?
Ég keppi í fimleikum.

2. Hvað heldurðu að verði skemmtilegast við þessa ferð?
Skoða háskólasvæðið í UCLA, hitta keppendur frá öðrum löndum og fara í Universal Studios-skemmtigarðinn. Opunar- og lokahátíðirnar verða líka skemmtilegar.

3. Heldurðu að þú eignist nýja vini í ferðinni?
Ég vona það.

4. Skiptir máli að vera valinn í svona ferð og hvers vegna?
Já, það skiptir miklu máli. Þá er meira gaman að æfa og maður er duglegri.

5. Er eitthvað sérstakt sem þú vilt segja að lokum?
Ég hlakka mikið til að fara til Los Angeles, það er alltaf gaman að heimsækja ný lönd. Þetta verður örugglega skemmtileg ferð.



Ástrós María Bjarnadóttir

1. Í hverju ert þú að fara að keppa í LA?
Ég er að fara keppa í sundi.

2. Hvað heldurðu að verði skemmtilegast við þessa ferð?
Ég held að þetta verði mjög skemmtilegt allt saman; maður kynnist nýju fólki, nýjum stöðum ... allt verður svo nýtt og öðruvísi. Gaman.

3. Heldurðu að þú eignist nýja vini í ferðinni?
Já, ég held það.

4. Skiptir máli að vera valinn í svona ferð og hvers vegna?
Já, það skiptir máli. Maður þarf að sýna hvað maður getur og vera þjóðinni til sóma.

5. Er eitthvað sérstakt sem þú vilt segja að lokum?
Bara það að ég er rosalega glöð að hafa verið valin í þetta verkefni og fá tækifæri að fara á þessa leika. Ég mun alltaf muna eftir þessu, alla mína ævi.



Ólafur Aron Einarsson

1. Í hverju ert þú að fara að keppa í LA?
Lyftingum.

2. Hvað heldurðu að verði skemmtilegast við þessa ferð?
Að það verði gaman og að hitta vonandi Arnold, Stallone og einhverja fræga leikara.

3. Heldurðu að þú eignist nýja vini í ferðinni?
Pottþétt, ég veit það ekki.

4. Skiptir máli að vera valinn í svona ferð og hvers vegna?
Já, og ég var hissa.

5. Er eitthvað sérstakt sem þú vilt segja að lokum?
Við Gummi ætlum að standa okkur vel og það verður gaman.



SAMSTARFSVERKEFNI

MET-LIFE, SO ICELAND OG SO EUROPE 25. MAÍ 2015

MICHEL KHALAF, FORSTJÓRI MET-LIFE EMEA,
VIRKJAR STARFSFÓLK SITT TIL SAMFÉLAGSVERKEFNA



Ráðstefna á vegum MetLife EMEA (Europe, Middle East, Asia) var haldin á Íslandi helgina 23. - 25. maí. Leitað var til Special Olympics á Íslandi um að skipuleggja viðburð sem gæti gefið starfsfólki MetLife tækifæri til að taka þátt í verkefni með fötluðu íþróttafólki. Sett var upp fjölbreytt dagskrá í samstarfi við viðburðastjórnanda MetLife Foundation í New York, Mavel Jones. Maureen Clarke frá Special Olympics í Evrópu kom einnig að verkefninu með því að skipuleggja kynningu á Young Athlete Program sem byggir á æfingabraut fyrir ung börn.

Viðburður var skipulagður frá kl. 14 - 17 mánudaginn 25. maí í íþróttahúsi ÍFR og knattspyrnusvæði Þróttar í Laugardal. Guðmundur Sigurðsson lögreglumaður tók á móti gestum fyrir utan ÍFR húsið með logandi kyndil og hann fór síðan á knattspyrnusvæðið og hljóp þar hring með knattspyrnumönnum og starfsfólki MetLife.

Mary Davis, framkvæmdastjóri Special Olympics í Evrópu, kom til landsins og fylgdist með verkefninu og ávarpaði gesti. Hún lagði ríka áherslu á gildi samstarfs við fyrirtæki og fagnaði ákvörðun forstjóra MetLife EMEA að virkja starfsfólk sitt til slíkra verkefna. Þórður Árni Hjaltsted, varaformaður ÍF og fulltrúi í SO nefnd, bauð fólk velkomið og sagði frá starfi SO á Íslandi og Anna K. Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi, kynnti hverja stöð og greinastjóra og þakkaði þeim sem komið höfðu að undirbúningi. Þá tók Maureen Clarke til máls og ræsti hóp á þátttöku á hverri stöð og þeir starfsmenn sem höfðu skráð sig í knattspyrnu fóru frá ÍFR á knattspyrnusvæði Þróttar. Þátttakendur frá Íslandi voru rúmlega 30 börn auk þess sem iðkendur frá aðildarfélögum ÍF mættu til leiks; 10 í borðtennis og 26 í knattspyrnu. Rúmlega 100 starfsmenn MetLife höfðu skráð sig til þátttöku, jafnt karlar og konur sem komu víða að úr heiminum. Þau tóku virkan þátt í dagskránni og skemmtu sér vel.



Í upphafi var skrúðganga barnanna, aðstandenda og aðstoðarfólks frá MetLife, dynjandi tónlist og stemmning. Allir fengu mismunandi boli eftir því hvaða stöð var valin en þrjár stöðvar voru settar upp; æfingabraut fyrir börn og borðtennis í ÍFR húsinu og knattspyrna á knattspyrnuvelli Þróttar. Æfingabraut fyrir börn var sett saman úr áhöldum sem MetLife gaf Special Olympics á Íslandi en áhöldin voru pöntuð hjá Á. Óskarsson. Markhópur var 2 - 7 ára börn með sérþarfarir en öll börn voru velkomin og fötluð og ófötluð börn á öllum aldri skemmtu sér konunglega í æfingabrautinni. Kristján Jónasson, borðtennisþjálfari hjá ÍFR, stýrði borðtennissvæðinu þar sem starfsfólk MetLife spilaði við iðkendur.



Guðlaugur Gunnarsson KSÍ sá um skipulag á knattspyrnuvöllinum en sett voru upp lið samkvæmt reglum Unified football, þar sem fatlaðir og ófatlaðir keppa saman. Starfsfólki MetLife var skipt í lið með íslensku knattspyrnufólki en þar voru meðal annars liðsmenn knattspyrnuliðsins sem mættir til LA í júlí.





Ertu með ofnæmi?



Lóritín®

– Kröftugt ofnæmislyf án lyfseðils

Bekkir þú helstu einkenni ofnæmiskvefs?

- Kláði í augum og nefi
- Siendurteknir hnerrar
- Nefrennsli/stíflað nef
- Rauð, fljótandi augu

Einkennin geta líkst venjulegu kvefi og margir þjáast af „kvefi“ á hverju sumri áður en þeir átta sig á að um ofnæmiskvef er að ræða. **Lóritín** er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga.

Notkun: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín 10 mg og er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára: Með líkamspýngd meiri en 30 kg: 1 tafla (10 mg) á dag. Börn með líkamspýngd undir 30 kg: 1/2 tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efni eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur mjólkursýkur (laktósa). Sjúklingar með galaktósaóþol, laktasaskort eða vanfrásog glúkósa-galaktósa, sem eru mjög sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki nota lyfið. Hjá sumum sjúklingum getur komið fram munnþurrkur. Við langtíameðferð er því góð tannhriða nauðsynleg þar sem munnþurrkur getur aukið líkur á tannskemmdum. Hætta á gjöf á Lóritín a.m.k. 48 klst. fyrir framkvæmd húðprófa þar sem andhistamin geta komið í veg fyrir eða dregið úr annars jákvæðri svörum við prófinu. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstgjöf er ekki ráðlögð. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lóritín þolast almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfði, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. **Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Markaðsleyfishafi: Actavis hf. Texti síðast endurskoðaður í apríl 2015.

Actavis



MetLife Foundation hefur staðfest styrk til Special Olympics á Íslandi vegna þátttöku Íslands í alþjóðaleikum Special Olympics. Einnig hefur MetLife kostað mikilvæg kaup á áhöldum sem nýtt verða til að bjóða upp á Young Athlete Program á Íslandi. Michel Khalaf, forstjóri MetLife EMEA, á heiður skilinn fyrir að virkja starfsfólk sitt á þennan hátt og stuðla að samfélagsverkefnum víða um heim, þar sem ráðstefnur fyrirtækisins eru haldnar.



f.v. Mary Davis, frkvstj. SO í Evrópu ásamt undirbúningsnefnd, Mavel Jones frá MetLife Foundation, Maurreen Clarke, frá SO Evrópu og Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, frkv.stj. SO á Íslandi



LAW ENFORCEMENT TORCH RUN FOR SPECIAL OLYMPICS FINAL LEG Í LOS ANGELES 13. - 25. JÚLÍ 2015

Dagarnir eru búnir að vera fljótir að líða síðan í nóvember 2014 þegar tekin var ákvörðun um að ég myndi taka þátt, sem fulltrúi íslensku lögreglunnar, í kyndilhlaupi lögreglumanna eða Law Enforcement Torch Run – Final Leg fyrir alþjóðaleika Special Olympics í Kaliforníu dagana 13. - 25. júlí í sumar. Þetta var ekki erfið ákvörðun enda gafst með þessu tækifæri til að auka veg og virðingu Special Olympics með hópi lögreglumanna víða að úr heiminum.

Að vera hluti af Law Enforcement Torch Run (LETR) er mun meiri vegferð en margir gera sér grein fyrir, mun meiri vegferð en ég gerði mér grein fyrir þegar mér var kynnt LETR í október 2013. Law Enforcement Torch Run eru stærstu grasrótarsamtök heims og hafa náð ótrúlegum árangri í öflun styrkja og til eflingar almenningsvitundar á Special Olympics. Mig langar hér með skrifum mínum að leiða í ljós umfang kyndilhlaups lögreglumanna á Alþjóðaleikum Special Olympics í Los Angeles 2015 en frá því fyrsta kyndilhlaup lögreglumanna hófst í Wichita í Kansas (USA) fyrir 35 árum hafa yfir 100.000 lögreglumenn hlaupið með eld leikanna á hinum ýmsum viðburðum Special Olympics víða um heiminn og safnað yfir 511 milljónum dollara til handa Special Olympics sem er notað í þjálfun, keppnis-þátttöku og viðbótarkennslu sem gerir iðkendum með þroskahömlun kleift að vera viðurkenndir og metnir að verðleikum á samfélaginu sem skapar jákvæðara og innihaldsríkara samfélag fyrir alla.

Þann 14. maí 2015 var kyndillinn tendraður á The Sacred Site of Phyx í Aþenu í Grikklandi með mikilli viðhöfn og 19. maí var flogið með eldinn til Filadelfíu þar sem hann fékk höfðinglegar móttökur. Þann 26. maí hófst vegferð logans á austurströnd Bandaríkjanna með því að loganum var skipt niður í þrjár leiðir með sameiginlegri þátttöku fatlaðra og ófatlaðra undir handleiðslu lögreglumanna hvers fylkis. Í 46 daga, frá 26. maí til 10. júlí, munu yfir 20.000 þátttakendur hlaupa, ganga og hjóla til vesturs í gegnum öll 50 fylki Bandaríkjanna, nærri 33.000 km, og gefst hverjum sem vill að taka þátt í þessum viðburði, og munu síðan sameinast á ný í Los Angeles, Kaliforníu.

Þann 10. júlí mun Law Enforcement Torch Run (LETR) verða afhentur loginn formlega og þar með hefst Final Leg í Kaliforníu, lokahlaupið. Í Final Leg munu 130 þátttakendur, þar af 10 keppendur á Alþjóðaleikunum, 96 lögreglumenn frá 23 þjóðum, þar af 11 Evrópuþjóðum, bera logann um Kaliforníu og þar af einn lögreglumaður frá Íslandi, ég. Þann 13. júlí mun Final Leg hefjast í Sacramento, hópnum verður skipt í þrennt og tilheyrir ég hópi þrjú. Hóparnir bera loga leikanna suður Kaliforníu þrjár mismunandi leiðir en hittast t.d. í San Francisco þar sem allir hóparnir hlaupa saman yfir Golden Gate brúna. Hlaupið verður um 16 km á hverjum degi inn í tvær til sex borgir og í hverri borg verður tekið á móti hópnum með mikilli viðhöfn, nokkuð sem íslenski hópurinn mun upplifa í vinabæ sínum, Ontario, þann 22. júlí. Þann 25. júlí er síðan stóra stundin en þá mun LETR bera loga leikanna inn á opunarhátíðina og tendra eld leikanna.

Texti: Guðmundur Sigurðsson, rannsóknarlögreglumaður



Alþjóðaleikar Special Olympics 2015 mun verða stærsti íþróttaviðburður heims á þessu ári og stærsti einstaki íþróttaviðburður haldinn í Los Angeles síðan Ólympíuleikarnir voru haldnir þar árið 1994. Alls munu um 7000 keppendur mæta á leikana með 3000 þjálfurum frá 177 löndum. 30.000 sjálfbóðaliðar munu koma að leikunum og er áætlað að um 500.000 manns muni mæta sem áhorfendur að alls 25 ólympískum greinum.



ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS Í KNATTSPYRNU

Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu fóru fram laugardaginn 30. maí á KR vellinum. Knattspyrnu-samband Íslands hefur undanfarin ár skipulagt Íslands-leika Special Olympics í samstarfi við Special Olympics á Íslandi. Umsjónarmaður leikanna var Guðlaugur Gunnarsson, KSÍ. Heimir Hallgrímsson sá um upphitun en síðan hófst keppnin sem var að hluta til undirbúningur fyrir þátttöku Íslands í alþjóðaleikum Special Olympics.

Áður en keppni hófst komu lögreglumenn saman við Alþingishúsið og þar var eldur leikanna tendraður og hlaupið með kyndilinn á KR svæðið. Nokkrir keppendur hlupu með lögreglunni en aðrir biðu á vellinum og tóku á móti þeim þegar komið var á völinn. Kyndilhlaup lögreglu er orðinn fastur viðburður á Special Olympics leikum á Íslandi og Ísland mun í fyrsta skipti eiga fulltrúa í kyndilhlaupi lögreglumanna fyrir alþjóðleika á leikunum í LA 2015.

Spilað var í 11 manna liðum og tveimur styrkleika-flokkum, en það voru lið Aspar A og B sem náðu að sigra báða flokkana. Sérstakur gestur leikanna var Guðjón Hraunberg Björnsson frá Hólmavík sem mætti í fyrsta skipti á Íslandsleika Special Olympics, spilaði með liði Aspar og stóð sig með glæsibrag.



HEIMSÓKN TIL RÚMENÍU



ALÞJÓÐAVERKEFNI SPECIAL OLYMPICS YOUNG ATHLETE PROJECT SAMSTARF VIÐ SPECIAL OLYMPICS Í RÚMENÍU

Sex fulltrúar frá Special Olympics á Íslandi voru í Rúmeníu dagana 22. febrúar til 1. mars 2015, þar sem þeir kynntu sér verkefnið Young Athlete Project, YAP. Markhópur þessa verkefnis eru börn með sérþarfir og er aldursviðmið tveggja til sjö ára. Samstarfsverkefni Special Olympics á Íslandi og í Rúmeníu er styrkt af EEA Grant en verkefnið miðar að því að efla og auka hreyfingu og hreyfiproska barna með sérþarfir. Special Olympics í Rúmeníu með stuðningi Motivation-samtakanna hefur innleitt verkefnið í sérskóla, stofnanir og háskólastarf. Fyrstu og síðustu tvo dagana var dvalið í Búkarest og þrjá daga í Brasov. Einnig var farið til

Targoviste. Fylgst var með kynningum á Young Athletes Project og Unified Gymnastics auk heimsóknna í háskóla, sérskóla og til landssamtaka sem tengjast verkefninu. Einnig var fylgst með kynningu á skólaverkefninu Get into it. Fyrirhugað er að hópur frá Rúmeníu heimsæki Ísland í september 2015 og kynni sér þjálfun ungra barna hér á landi. Special Olympics í Rúmeníu var fyrsta landið til að innleiða YAP og hefur lagt mikinn metnað í að aðlaga það aðstæðum í Rúmeníu. Á Íslandi er gert ráð fyrir því að verkefnið geti tengst starfi leikskóla og íþróttaskóla fyrir börn en einnig að Ísland geti lagt töluvert til þessa verkefnis á alþjóðavísu.



Fulltrúar Íslands í Rúmeníu voru; Anna Karólína Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi.

Ásta Katrín Helgadóttir, íþróttifræðingur og íþróttageinastjóri SO í íþróttum. Hún starfar á heilsuleikskólanum Háaleiti á Ásbrú.

Þóra Sigrún Hjaltadóttir, leikskólastjóri heilsuleikskólans á Ásbrú, Háaleiti.

Guðbjörg F. Ægisdóttir, nemandi í íþróttifræði við HÍ.

Arndís Benediktsdóttir, nemandi í þroskaþjálfarafræði við HÍ.

Helena Hrund Ingimundardóttir, sundþjálfari, íþróttifræðingur og nemi við HR.



Arndís Benediktsdóttir vann myndband um verkefnið en það var lokaverkefni hennar í HÍ. Innleiðing er hafin á heilsuleikskólanum Háaleiti og vonast er til þess að fleiri leikskólar innleiði verkefnið. Einnig er stefnt að því að fá aðildarfélög ÍF í samstarf um verkefnið. Til að mæla árangur eru mælingar teknar fyrir og eftir þjálfunartímabil en Bostonháskóli hefur hannað próf í þessum tilgangi. Markmiðið er að nýta verkefnið til að stuðla að aukinni hreyfingu íslenskra barna með sérþarfir og hvetja þau til þátttöku í íþróttastarfi.

BAKHJARLAR ÍF

STYRKIR OG SAMNINGAR

Íþróttasamband fatlaðra hefur verið þeirrar gæfu aðnjótandi að eiga öfluga bakhjarla og hefur nú þegar endurnýjað samstarfssamninga sína til ársins 2016 við Bláa lónið, Össur hf, Arion banka, Valitor og Flugfélag Íslands.



Frá vinstri eru Valgerður Ómarsdóttir frá Radisson Blu Hótel Sögu, Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF, Helgi Már Björgvinsson frá Icelandair og Þorsteinn Þorsteinsson frá Rúmfatlagemum.

Hátíðarprenna

Í tengslum við setningu 17. sambandsþings ÍF framlengdi Íþróttasamband fatlaðra styrktar- og samstarfssamninga við Radisson Blu Hótel Sögu, Icelandair og Rúmfatlagerinn en þessi þrjú fyrirtæki eru á meðal öflugustu styrktaraðila sambandsins. Sveinn Áki Lúðvíksson undirritaði nýju samningana fyrir hönd ÍF og sagði áframhaldandi samstarf við þessi þrjú öflugu fyrirtæki mikið ánægjuefni.

„Gengin eru í garð tvö risavaxin ár í starfi ÍF og handan við hornið er stærsta íþróttamótið í heiminum, Sumarleikar Special Olympics, sem fram fara í Los Angeles en þar verður Ísland með fjölmenna sveit keppenda og aðstoðarmanna. Tvö heimsmeistaramót fara einnig fram í sumar í sundi og frjálsum og þá er ekki langt að bíða þess að Paralympics í Ríó fari fram á næsta ári. Áframhaldandi samstarf með þessum þremur öflugum og nánú samstarfsaðilum okkar er því afar mikilvægt sambandinu.“



Simon Kjærstedt frá Atlantsollu og Sveinn Áki Lúðvíksson.

Atlantsolía á fullu gasi með ÍF

Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður Íþróttasambands fatlaðra, sagði við þetta tækifæri að afar ánægjulegt væri að jafn öflugur aðili myndi vinna með sambandinu næstu tvö árin.

Leonard

Leonard afhenti veglegan styrk

Eigendur Leonard afhentu í árslok 2014 Íþróttasambandi fatlaðra, veglegan styrk eftir sölu á Grámullu úr skartgripalínunni Flóru Íslands. Hálsmen og eyrnalokkar sett Grámullu úr Flóru Íslands voru seld til styrktar íþróttastarfi fatlaðra barna og var styrkurinn afhentur á æfingu hjá frjálsíþróttahópi 13 ára og yngri. Þau Sif Jakobsdóttir og Eggert Pétursson hönnuðu skartgripina og vill Íþróttasamband fatlaðra koma á framfæri innilegu þakklæti til þeirra og Leonard fyrir velvilja og veittan stuðning.



Styrkir vegna Special Olympics

Íslandsbanki hefur verið aðalstyrktaraðili Special Olympics á Íslandi og árið 2013 gerðist Samherji einnig samstarfsaðili Special Olympics á Íslandi og hefur stutt myndarlega við starfsemi samtakanna hér á landi.



ÍF og LS Retail saman fram yfir Ríó

Íþróttasamband fatlaðra og LS Retail endurnýjuðu nýverið styrktar- og samstarfssamning sinn fram til ársins 2016. LS Retail er leiðandi fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir fyrir verslanir og hefur viðskiptavinum í um 160 löndum í gegnum öflugt net söluaðila.



Lions og Kiwanis

Kiwanis- og Lionshreyfingarnar hafa allt frá stofnun ÍF verið öflugir styrktaraðilar sambandsins. Sem dæmi gefur Lionsklúbburinn Víðarr öll verðlaun til Íslandsmóta ÍF. Vert er og að geta vorboðans ljúfa, Kiwanisklúbbsins Heklu, sem á vormánuðum undangengin ár hefur komið færandi hendi og stutt dyggilega við bakið á starfsemi sambandsins.

Michel Khalaf, forstjóri MetLife í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Asíu.



12.600 dala styrkur frá MetLife Foundation

Í tengslum við samstarfsverkefni MetLife Insurance og Special Olympics á Íslandi þann 25. maí sl. hlaut ÍF veglegan styrk til starfsemi Special Olympics á Íslandi. Styrkurinn greiðist úr sjóði MetLife Foundation. Fyrirtækið lagði fram styrk að upphæð 5.500 dalir og starfsfólk MetLife hefur í kjölfar Íslandsheimsóknarinnar safnað styrkjum að upphæð 4.500 dalir, samtals 10.000 dalir sem er styrkur vegna þátttöku Íslands í alþjóðaleikum Special Olympics. Einnig styrkti fyrirtækið kaup á æfingaáhöldum fyrir ung börn vegna verkefnisins Young Athlete Program en kostnaður vegna þessa var 2.600 dalir. Heildarstyrkur MetLife Ins/Foundation og starfsmanna fyrirtækisins er því 12.600 dalir.

Íþróttasamband fatlaðra og Special Olympics á Íslandi hefur aldrei áður tekið þátt í sambærilegu verkefni með alþjóðlegu fyrirtæki. Starfsfólk MetLife alls staðar að úr heiminum var virkjað til þátttöku í verkefnum með fótluðu íþróttafólki og í kjölfarið var veittur veglegur styrkur til starfs ÍF. Frábært framtak og fá fyrirtækið og starfsmenn þess innilegar þakkir frá Íþróttasambandi fatlaðra og Special Olympics á Íslandi.



The Color Run og Alvogen

Íþróttasamband fatlaðra ásamt UNICEF og Rauða krossinum hafa hlotið styrk úr nýjum samfélagssjóði The Color Run og lyfjafyrirtækisins Alvogen sem nýverið var stofnaður til stuðnings réttindum og velferðar barna en hluti af þátttökugjöldum úr The Color Run-hlaupinu runnu til góðgerðarmála. The Color Run fór svo fram þann 6. júní síðastliðinn en uppselt var í hlaupið og ljóst að eftirspurnin er mikil og því ráð að tryggja sér miða í tæka tíð fyrir hlaup næsta árs.



Frá vinstri: Jón Margeir Sverrisson, afrekssundmaður hjá Fjölni, Þórður Árni Hjaltested, varaformaður ÍF, Gísli Jens Friðjónsson, forstjóri Hópbíla, og Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri afreks- og fjármálasviðs ÍF.

Hópbílar styrkja ÍF

Íþróttasamband fatlaðra fékk afhentan veglegan styrk á dögnum frá Hópbílum en leiðir þessara tveggja öflugra aðila hafa legið saman um nokkurra ára skeið. Þannig sáu Hópbílar um allan akstur tengdan Evrópumeistaramóti fatlaðra í sundi 2009 en það mót var haldið í Laugardalslaug. Viðeigandi var að Jón Margeir Sverrisson, olympíu-, heims og Evrópumeistari í 200 m skriðsundi þroskahamlaðra, væri viðstaddur afhendinguna. Jón Margeir var á meðal keppenda 2009 og var þá að stíga sín fyrstu stóru skref á ferlinum en síðan þá hefur hann verið nánast óstöðvandi í lauginni og þegar sett tvö ný og glæsileg heimsmet á þessu ári. Hópbílar hf. var stofnað árið 1995 og hefur það að markmiði að bjóða upp á nýjar og nýlegar hópbílfreiðar með öllum helstu þægindum og öryggi. Í um 100 bíla flota eru 75% bílanna innan við þriggja ára gamlir, sem er einstakt á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Með því stuðla Hópbílar að minni mengun enda fyrirtækið eitt þeirra fyrstu til að innleiða alþjóðlega umhverfissvottun ISO14001. Hópbílar sinna margvíslegum verkefnum bæði með sérútbúnum bílum og venjulegum hópferðabílum. Íþróttasamband fatlaðra vill koma á framfæri innilegu þakklæti til handa Hópbílum fyrir rausnarlegan styrk enda kemur hann sér einkar vel í þétt-pökkuðu verkefnasumri fatlaðra íþróttamanna.



Afhending styrksins til ÍF. Gísli Hlynur Jóhannsson ásamt Önnu K. Vilhjálmsdóttur, framkvæmdastjóra Special Olympics á Íslandi.

Gámafélagið styrkir LA-leikana

Gísli Hlynur Jóhannsson, þjónustustjóri Íslenzka gámafélagsins, mætti á skrifstofu ÍF þann 16. júní sl. þar sem hann afhenti styrk til ÍF að upphæð 250.000 krónur vegna ferðar á alþjóðleika Special Olympics í LA. Íslenzka gámafélagið fær innilegar þakkir fyrir mikilvægan stuðning en fyrirtækið hefur styrkt ýmis verkefni ÍF í gegnum tíðina.



Pokasjóðurinn og sumarbúðirnar

Pokasjóður hefur undanfarin ár veitt ÍF rausnarlega styrki m.a. vegna Sumarbúða ÍF og annarra stórverkefna á vegum sambandsins.

POKASJÓÐUR

Alltaf á toppnum!

Njóttu þess að snæða sælkeramat
eldaðan af meistarakokkum Íslands;
Sigurði Helgasyni Bocuse d'Or
keppanda árið 2015
og Atla Þór Erlendssyni,
Matreiðslumanni ársins 2015.

Grillid
RESTAURANT



Á Grillinu leikum við okkur
með léttar og nútímalegar útfærslur
þar sem bragðsamsetningar,
sköpunargleði og metnaður
fá að njóta sín.

Við erum fagfólk fram í fingurgóma,
þekkjum söguna og gæðin.
Okkar markmið er og hefur verið
síðustu 50 árin að gera þína
heimsókn til okkar
að ógleymanlegri upplifun.

* Bocuse d'Or er ein af virtustu
matreiðslukeppnum heims.



Bocuse d'Or
AKADEMIA ICELAND
www.bocusedor.is



Radisson BLU Hótel Saga | 8. hæð | sími 525 9960 | www.grillid.is

PÁLMI GUÐLAUGSSON ER ÓSTÖÐVANDI



Kópavogspríbrautin 2015

Pálmi Guðlaugsson er hreyfihamlaður en lætur það ekki stöðva sig
frá þátttöku í þríbraut; 400 m sund 10,3 km hjól og 3,5 km hlaup

NORRÆNA BARN- OG UNGLINGAMÓTIÐ



Norræna barna- og unglíngamótið fer fram í Færeyjum þetta sumarið
og sem fyrr sendir Ísland fjölmennan hóp til þátttöku. Mótið á sér langa sögu
þar sem fötluð börn og ungmenni koma saman og keppa í íþróttum og kynnst
jafnöldrum sínum á Norðurlöndunum.

Mótið fer fram í júlíbyrjun í þorpinu
Tóftir. Auk þess að keppa í íþróttum verður
margvíslegt fyrir stafni eins og t.d. kynningar
á fjölmörgum íþróttagreinum, skoðunarferðir
um Færeyjar og fleira.

Myndirnar voru teknar þegar hluti
hópsins kom saman á dögnum við æfingar
og snæðing en markmiðið var að gefa öllum
færi á því að kynnst og stilla saman strengi
sína fyrir Færeyjaförina. Nánar verður greint
frá Færeyjaförinni í næsta tölublaði Hvata.



Keppendur Íslands á Norræna barna- og unglingamótiinu 2015

Víktor Ingi Elíasson
Ymir Snær Hlynsson
Haukur H. Loftsson
Magnús Aron Ceesay
Erlingur Ísar Viðarsson
Hilmar Björn Zoega
Róbert Ísak Jónsson
Fannar Logi Jóhannesson
Þorsteinn Goði Einarsson
Ingólfur Már Bjarnason
Ísar Þorsteinsson
Tanya E. Jóhannsdóttir
Helena Ó. Hilmarsdóttir
Bjarney G. Jónsdóttir
Arndís Atladóttir
Hildur Sigurgeirsdóttir
Ólafía Ósk Svanbergisdóttir
Puríður A. Óskarsdóttir

ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA

Íþróttasamband fatlaðra, skammstafað ÍF, er eitt af 30 sérsamböndum innan ÍSÍ (Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands) en ÍF var stofnað 17. maí 1979. Áður hafði undirbúningsnefnd á vegum ÍSÍ starfað og taldi nefndin að lokum tímabært að stofna sérstakt sérsamband um íþróttir fatlaðra. Sigurður Magnússon var kjörinn fyrsti formaður Íþróttasambands fatlaðra og gegndi því starfi til 1984 er Ólafur Jensson tók við. Ólafur gegndi formennsku til 1996 er núverandi formaður, Sveinn Áki Lúðvíksson, tók við.

Stofnun og starfsemi sérsambanda er afgerandi þáttur í því að efla og skipuleggja íþróttastarfið á landsvísu, hvort heldur í verkefnum innanlands eða í samskiptum við útlönd. Í lögum ÍSÍ, þriðju grein segir: „3.2. Sérsambönd eru mynduð um ákveðnar íþróttagreinir og eru landssamtök héraðssambanda, sbr. kafla 6, sem hafa iðkun þeirrar íþróttagreinar á stefnuskrá sinni.

3.3. Þau félög innan hvers héraðssambands/íþróttabandalags sem leggja stund á sömu íþróttagrein, geta myndað sérráð sbr. kafla 8. 3.4. Aðeins má viðurkenna eitt sérsamband fyrir hverja íþróttagrein. Er þá miðað við að það samband verði eða geti orðið aðili að alþjóðasérsambandi fyrir þá íþróttagrein, er njóti viðurkenningar Alþjóðaólympíunefndarinnar“.

Sérstaða ÍF miðað við önnur sérsambönd, er sú að sambandið hefur ekki aðeins með eina ákveðna íþróttagrein að gera. Þannig eru öll félög innan ÍSÍ er, æfa og keppa í íþróttum fatlaðra aðilar að ÍF. Stundum er talað um ÍF sem „litla ÍSÍ“ þar sem uppbygging þess líkist frekar uppbyggingu ÍSÍ en sérsambandanna.

Samkvæmt lögum ÍF er meginhlutverk þess að:

- hafa yfirumsjón með þeim íþróttagreinum sem fatlaðir stunda á Íslandi
- annast útbreiðslu- og fræðslustarf varðandi íþróttir fatlaðra
- vera fulltrúi Íslands varðandi erlend samskipti er tengjast íþróttamálum fatlaðra
- gæta hagsmuna allra þeirra fötlunarhópa sem eru innan ÍF. en þeir eru: þroskahamlaðir, hreyfihamlaðir, sjónskertir, blindir og heyrnarlausir/skertir.
- Íþróttasamband fatlaðra hefur innan sinna vébanda 21 aðildarfélag sem staðsett eru víðs vegar um land og heldur Íslandsmót í boccia, borðtennis, frjálsum íþróttum, lyftingum og sundi. Auk þess fara fram æfingar og/eða keppni í fleiri greinum s.s. fimleikum, keilu, knattspyrnu, vetraríþróttum og fleiri greinum. Upplýsingar um aðildarfélög ÍF má finna á heimasíðu sambandsins www.ifsport.is



TIL EINFÖLDUNAR MÁ SEGJA AÐ STARFSEMI ÍF SKIPTIST Í ÞRJÚ MEGINSVIÐ



International Paralympic Committee (Afrestarfar)

ÍF hefur umsjón með starfi International Paralympic Committee (Alþjóðaólympíuhreyfing fatlaðra). Aðeins fremsta afrestfólk úr röðum fatlaðra tekur þátt í IPC-verkefnum. Umsjón með uppbyggingu verkefna fyrir landsliðshópa ÍF. Umsjón með starfi sjálfbóðaliða í nefndum ÍF og starfi landsliðspjálfa í hverri grein. Ýmis undirbúningsverkefni erlendis s.s. þátttaka í Evrópu-, alþjóða- og heims-meistaramótum sem gefa stig á heimslista IPC. Einnig þátttaka í alþjóðlegum fundum og ráðstefnum. Undirbúningsverkefni fyrir þátttöku í Winter Paralympics og Paralympics. Samstarf við NSCD Winter Park USA vegna undirbúnings skíðafólks.



Íþróttasamband fatlaðra (Starfsemi á vegum ÍF sem sérsambands)

Almennir iðkendur og aðrir. Umsjón Íslandsmóta í fimm greinum. Útbreiðslu- og fræðslustarf á landsvísi. Þróun nýrra greina – innleiðing og kynning. Aðstoð við innflutning sérhæfðra tækja. Ráðgjöf, aðstoð við aðstandendur, þjálfara, íþróttafélög, sveitarfélög, nemendur o.fl. Sérverkefni tengd fötlunarhópi, íþróttagrein, skólum eða samfélagslegum þáttum. Öflugt alþjóðastarf og alþjóðasamskipti. Þörf á sérhæfðri þekkingu vegna fjölbreyttra verkefna sem ekki er þekking á innanlands. Umsjón með starfi fjölda sjálfsbóðaliða sem standa að verkefnum með skrifstofu ÍF. Þátttaka í ýmsum verkefnum erlendis. Þátttaka í norrænu samstarfi.

Special Olympics
Iceland



Special Olympics International – SOI (Almenningsíþróttir)

SOI veita ÍF leyfi til eins árs í senn að vera umsjónaraðili starfs SO á Íslandi. Samtökin voru stofnuð af hinni margfrægu Kennedy-fjölskyldu og stendur SOI að íþróttastarfi fyrir fólk með þroskahömlun. Engra lágmarka er krafist, keppt er við jafningja og allir fá verðlaun. Starf Special Olympics á Íslandi: Þátttaka í Evrópuleikum. Þátttaka í alþjóða Sumar- og Vetrarleikum. Þátttaka í Evrópu- og alþjóðaráðstefnum. Formennska norrænnar nefndar SO. Íslandsleikar í samstarfi við KSÍ. Innleiðing Evrópu- og alþjóðaverkefna s.s. ALP, Get into it og Unified sport sem tengist iðkendum, skóla- og samfélagsverkefnum. Þátttaka og skipulag funda og ráðstefna sem varða tækifæri fyrir fólk með þroskahömlun. Samstarf við rannsóknarhóp SOI vegna ýmissa samfélagslegra verkefna og áherslna. Umsjón með starfi sjálfbóðaliða sem gegna hlutverkum skv. alþjóðareglum SOI.

Stjórn ÍF til halds og trausts og til að framfylgja samþykktum stjórnar starfa þrír einstaklingar á skrifstofu ÍF en þeir eru:

- Anna Karólína Vilhjámsdóttir, framkvæmdastjóri fræðslu- og útbreiðsluviðs og Special Olympics á Íslandi. annak@ifsport.is
- Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála- og afrekssviðs. olafurm@ifsport.is
- Jón Björn Ólafsson, þjónustu- og íþróttafulltrúi. if@ifsport.is

Íþróttasamband fatlaðra er, líkt og önnur sér-sambönd innan ÍSÍ, til húsa í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, Engjavegi 6, sími 514 4080. Frekari upplýsingar má finna á www.ifsport.is

Þú finnur einnig ÍF á YouTube, Twitter, Facebook og Instagram.



Samstarfsaðilar Íþróttasambands fatlaðra



WWW.IFSPORT.IS

ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA BORGA SIG!

55

Í „Handicapidræt“, tímariti Íþróttasambands fatlaðra í Danmörku, birtist á dögnum afar áhuga-verð grein um gildi íþróttar fatlaðra. Greinin sem ber yfirskriftina „Íþróttir fatlaðra borga sig“ er unnin út frá sænskri rannsókn. Íþróttassamband fatlaðra hefur fengið góðfúslegt leyfi til að þýða brot úr greininni hér neðanmáls.

Við höfum alltaf búið við þann skilning að íþróttir séu hollar, að hópandinn í íþróttahéiminum hjálpi til við að tengja fólk og eyða því sem gerir okkur „ólík“. Þess þá heldur vitum við að iðkun íþróttar og hreyfing almennt stuðlar að því að vinna gegn ýmsum kvillum sem annars myndu kosta samfélagið gríðarlega fjármuni.

Í nýútgefinni könnun, sem gerð var af vísindamönnum í Malmö, kemur fram ný nálgun með beinni tilvísun í íþróttir fatlaðra. Könnunin sýnir muninn á þeim sem iðka líkamsrækt (æfa) og þeim sem ekki stunda reglubundna hreyfingu. Munurinn þar á milli er m.a. mældur í fjármagni, þ.e. hvað hver einstaklingur kostar samfélagið miðað við hvort hann stundi íþróttir/ líkamsrækt eður ei.

Könnunin er byggð á 250 spurningalistum, sem voru fylltir út af annars vegar 125 einstaklingum sem á einn eða annan hátt voru þátttakendur í íþróttum fyrir fatlaða og 125 einstaklingum sem ekki lögðu stund á íþróttir eða aðra heilsuefingu.

Niðurstöðurnar sýna ótvírætt að hreyfing borgar sig, einnig þegar opinber kostnaður er tekinn inn í breytuna! Á sama tíma gerir það einstaklinginn meira sjálfbjarga og eykur sjálfsálit og sjálfstraust hans.

Nokkrar niðurstöður sem könnunin sýnir fram á:

Meðal þeirra sem iðkuðu íþróttir voru 79% í vinnu en aðeins 59% voru í vinnu af þeim sem ekki stunduðu íþróttir. Tölurnar voru 56% gegn 30% hjá þeim sem unnu fulla vinnu. 23% af þeim sem iðka íþróttir finna fyrir verkjum daglega en 33% þeirra sem stunda ekki íþróttir,

einnig er munur á notkun verkjalyfja, 12% á móti 33%. Not fyrir aðstoðarfólk er 25% hjá þeim sem iðka íþróttir á meðan 41% þeirra sem ekki iðka íþróttir þurfa á aðstoðarmanni að halda. Einnig finna 85% þeirra sem iðka íþróttir fyrir meiri lífsgæðum á móti 66% þeirra sem ekki iðka íþróttir.

Niðurstöðurnar í heild sinni sýna fram á að aukin íþróttaiðkun fatlaðra dregur úr kostnaði hins opinbera; minnkar útgjöld vegna aðstoðarfólks og lækkrar lyfjakostnað ásamt því að auka lífsgæði þeirra sem íþróttir stunda samanborið við þá sem það ekki gera.

Kannanirnar sýna að hið opinbera sparar u.þ.b. 240 þúsund danskar krónur, tæpar fimm milljónir íslenskra króna, á mann á ári. (Greinina má finna í heild sinni á www.dhif.dk)


Sparnaðurinn er því u.þ.b. 1,2 milljónir danskra króna, um 24 milljónir íslenskra króna, á fimm ára tímabili á mann. Í greininni eru niðurstöðurnar kallaðar „mjög gott viðskiptamódel“ og því óhætt að segja að hér sé á ferðinni mikill gróði af lítilli fjárfestingu.

Þetta eru virkilega áhugaverðar niðurstöður sem nú hafa verið staðfestar í Svíþjóð. Óskandi væri að vísindamenn og yfirvöld gerðu sambærilega könnun um íþróttir fatlaðra hér á landi.

GEFÐU ÞÉR GÓÐAN TÍMA Í VANCOUVER

Verð frá **37.100*** kr.

Þessi ferð gefur frá 2.700 til 8.100 Vildarpunkta aðra leiðina.



Njóttu hvernar mínútu

Kíkja í miðbæinn og dást að huggulegum háhýsum. Reika um Stanley Park og gleyma sér í VanDusen grasagarðinum. Taka SkyTrain ofanjarðarlestina á milli skemmtilegra hverfa. Upplifa Hollywood norðursins og stinga sér til sunds í Trout Lake. Leigja hjól og líða hljóðlaust um. Eiga gæðastundir og safna minningum sem lifa.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

    Vertu með okkur

ICELANDAIR 